

FJÖLRIT NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR

10

Bergþór Jóhannsson

Íslenskir undafíflar (III)



Október 1989

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Laugavegi 105
Pósthólf 5320
125 Reykjavík

Ritnefnd: Erling Ólafsson (ritstjóri)
Bergþór Jóhannsson
Sveinn P. Jakobsson

EFNISYFIRLIT

GREININGALYKILL	163
LÝSINGAR Á ÍSLENSKUM TEGUNDUM	168
1. H. islandicum - íslandsfífíll	168
2. H. aquiliforme - arinfífíll	171
3. H. holopleurum - runnafífíll	176
4. H. senex - hliðafífíll	183
5. H. microdon - holtafífíll	189
6. H. anglicum - tígulfífíll	192
7. H. alpinum - fellafífíll	197
8. H. kaldalonense - snæfífíll	202
9. H. rubrimaculatum - flikrufífíll	206
10. H. lygistodon - heiðafífíll	210
11. H. semibipes - greinafífíll	217
12. H. bipediforme - kvíslfífíll	221
13. H. thulense - skrautfífíll	226
14. H. arrostoccephalum - ingimarsfífíll	229
15. H. elegantiforme - glæsifífíll	232
16. H. macrocomum - brekkufífíll	236
17. H. demissum - skallafífíll	242
18. H. tynnotrichum - tannafífíll	247
19. H. pullicalicium - skeggfífíll	252
20. H. faeroense - blettafífíll	257
SLÆDINGAR	261
SUMMARY	262

GREININGALYKILL

- A Blaðhvirfing ekki greinileg á blómgunartíma. Hvirfingblöð engin eða eru þá visnuð. Stundum eru þó 1-4 hvirfingblöð. Stöngulblöðin eru þó meira áberandi en blaðhvirfingin. Stöngulblöð oftast mörg, geta verið þéttstæðust neðst á stöngli og hálfhvirfingleit. - B.
- B Að minnsta kosti efri stöngulblöð niður á miðjan stöngul stilklaus með breiðum grunni og oft greinilega greipfætt. Reifablöð með alllögum, oft dökkum kirtilhárum. - C.
- C Stöngulblöð 12-30 eða fleiri, jafndreifð, með eyrðum grunni. Körfustilkur og reifar með mjög löngum, dökkum kirtilhárum.
13. *H.thulense* - skrautfífill
- CC Stöngulblöð færri en 12. - D.
- D Blöð á miðjum stöngli nálægt því að vera tígullaga eða tígullensulaga, hvassýdd, hvasstennt, oftast þunn og æðaber, sjaldan áberandi lituð. Bláðgrunnur oft mjög breiður, jafnvel á blöðum neðarlega á stöngli.
15. *H.elegantiforme* - glæsifífill
- DD Blöð á miðjum stöngli lensulaga eða breiðlensulaga, sljóydd, oftast næstum heilrend, oft þykk og ekki sérlega æðaber, oft bláleit eða rauðfjólublá, að minnsta kosti á neðra borði. Bláðgrunnur ekki alltaf áberandi breiður og mjókkar oft jafnt niður á blöðum neðarlega á stöngli.
16. *H.macrocomum* - brekkufífill
- BB Blöð um miðjan stöngul mjókka smám saman að neðan. Reifablöð aðeins með stuttum, gulum kirtilhárum. - E.
- E Blöð lensulaga með reglulegum rauðfjólubláum flekkjum.
20. *H.faeroense* - blettafífill
- EE Blöð ekki með reglulegum rauðfjólubláum flekkjum. - F.
- F Vel þroskuð stöngulblöð 6-12 eða fleiri, örsjaldan færri. - G.
- G Blöð hvasstennt, blágræn eða rauðleit, einkum á neðra borði.
18. *H.tynnotrichum* - tannaafífill
- GG Blöð yfirleitt aðeins örðótt. Enginn rauður litur í blöðum, nema þá neðsta blaði. Blöð fagurgræn á efra borði.
19. *H.pullicalicium* - skeggfífill
- FF Vel þroskuð stöngulblöð 1-5, mjög sjaldan 6 eða fleiri. Blöð oftast lensulaga með bláum, fjólubláum eða rauðfjólubláum lit, nær heilrend eða dreift bugtennt. Reifar áberandi snubbóttar og snöggar. Getur verið með 2-4 hvirfingblöðum og aðeins 1-2 stöngulblöðum.
17. *H.demissum* - skallaafífill

- AA Blaðhvirfing greinileg á blómgunartíma. Stöngulblöð fá. - H.
- H Reifar stuttar, breiðar og frekar snubbóttar, hárlitlar, dökkar og nokkuð jafndökkar. Kirtilhár á reifum öll stutt og gul. Blöð mjókka smám saman að neðan. Alltaf a.m.k. eitt stórt stöngulblað, oftast fleiri. Stöngulblöð ekki greipfætt. Engin kirtilhár á blaðröndum. (Gerðir tegunda sem oftast eru án greinilegrar blaðhvirfingar). - I.
- I Blöð með reglulegum rauðfjólubláum flekkjum.
20. *H.faeroense* - blettaffill
- II Blöð ekki með reglulegum rauðfjólubláum flekkjum. - J.
- J Blöð græn beggja megin, nema þá neðsta blað. Alltaf eitthvað af broddhárum á reifum.
19. *H.pullicalicium* - skeggffill
- JJ Blöð oftast bláleit eða rauðleit, a.m.k. á neðra borði. Reifar áberandi stuttar og snubbóttar, næstum alveg hárlausar.
17. *H.demissum* - skallafrill
- HH Lýsing í H á ekki við að öllu leyti. Reifar oft langar og mjóar, stundum mikið hærðar, stundum áberandi mislitar eða gráar eða ljósar vegna mikillar hæringar. Blöð mjókka smám saman að neðan eða eru þverstýfð. Stöngulblöð stundum nokkur en stundum er ekkert stöngulblað. Stöngulblöð stundum greipfætt. Kirtilhár stundum á blaðrönd, stundum ekki. - K.
- K Oft með renglum. Stöngull með löngum, útstæðum, stinnum hárum. Hvirfingblöð lensulaga eða spaðalaga, nær heilrend. Skil milli stilks og blöðku afar óglögg. Körfur smáar. Reifar með löngum, dökkum kirtilhárum.
1. *H.islandicum* - íslandsfrill
- KK Aldrei með renglum. Stöngull með mýkri hæringu. Skil milli stilks og blöðku oft nokkuð greinileg á hvirfingblöðum. Körfur smáar eða stórar. Kirtilhár á reifum stutt eða löng, gul eða dökk. - L.
- L Alllöng eða löng, dökk kirtilhár á reifum sem sjást oft vel með stækkunargleri. Hnúður getur þó stundum verið gulleitur við mikla stækkun. - M.
- M Stöngulblöð oftast 1-3, greipfætt. Blöð oftast tígullaga. - N.
- N Körfur mjög smáar og niðurmjóar. Reifar frekar lítið hærðar, nokkuð jafndökkar. Kirtilhár á reifum nokkuð löng og dökk. Stöngulblöð 1-3, oftast tígullaga og stilkúð. Hvirfingblöð oftast 2-4, tígullaga eða kringlött. Neðra borð blaða stundum bláleitt.
14. *H.arrostoccephalum* - ingimarsfrill
- NN Körfur oft áberandi stórar og breiðar. Reifar mikið hærðar, geta verið kafloðnar af broddhárum, gráar af stjarnhárum eða dökkar af löngum,

svörtum kirtilhárum. Kirtilhár á reifum oft mjög mislöng og misdökk. Stöngulblöð oftast 1-3 en stöngulblað vantar stundum alveg. Hvirfingblöð 2-6 eða fleiri, oftast tígullaga, græn eða gulgræn.

6. *H.anglicum* - tígulfifill

MM Stöngulblað eitt eða ekkert, ekki greipfætt. Körfur smáar eða frekar smáar, ekki kafloðnar af broddhárum. Reifablöð löng og mjó, nokkuð jafnlit, geta verið gráleit vegna fjölda stjarnhára en eru oftast dökk. Blöð með þverstýfðum grunni eða mjókka smám saman að neðan, margvíslega löguð, sjaldan áberandi tígullaga. Blöð oftast græn, geta þó stundum verið bláleit á neðra borði, ekki með áberandi grófa hæringu á blaðröndum. Stílar og fræni oft frekar ljós.

2. *H.aquiliforme* - arinfifill

LL Kirtilhár á reifum stutt, gul eða dökk, sjást oft illa með stækkunargleri og eru ekki áberandi í hæringsunni við þá stækkun. Plöntur geta verið stöngulblaðalausar en eru oft með fleiri en einu stöngulblaði. Reifar stundum áberandi mislitar. - **O**.

O Stöngulblöð greipfætt. Hvirfingblöð oftast tígullaga, græn eða gulgræn. Körfur oftast stórar. Reifar oft mikið hærðar af löngum broddhárum, stundum verulega stjarnhærðar. Kirtilhár á reifum oft af mismunandi lengd og lit.

6. *H.anglicum* - tígulfifill

OO Stöngulblöð ekki greipfætt. - **P**.

P Kirtilhár á reifum oftast greinilega dökk, yfirleitt ekki áberandi í hæringsunni þótt mikil stækkun sé notuð. Broddhár á reifum með dökkum grunni, sem myndar oft dökkan kamb eftir miðju reifablaða. Innri reifablöð oft með dökkri rák eftir miðju. Ytri reifar oft með gráum jöðrum vegna mikillar stjarnhæringar. Reifar geta verið algráar og eins nokkuð jafndökkar. Reifablöð oft frekar stutt og breið en geta verið lengri og mjörri. Blöð eru oftast alveg án kirtilhára en þó getur verið eitt og eitt kirtilhár á blaðröndum en þau eru aldrei auðfundin. Stöngulblöð oftast 2-4, geta verið fleiri, stundum eitt og örsjaldan ekkert. Blöð mjókka smám saman niður að stilk, oftast græn en geta verið bláleit eða rauðleit á neðra borði og jafnvel einnig á efra borði. Hæring á blaðrönd ekki áberandi gróf. Stílar og fræni oftast dökk.

3. *H.holopleurum* - runnafifill

PP Kirtilhár á reifum oftast greinilega gul. Fjöldi þeirra oft mikill. Reifar langar og frekar mjóar. Stutt, gul kirtilhár oftast auðfundin á blaðröndum. - **Q**.

Q Stjarnhár greinileg á reifum, a.m.k. á jöðrum ytri reifablaða. Kirtilhár oftast auðfundin á blaðröndum en geta verið fá. Reifar geta verið kafloðnar af broddhárum en eru oft heldur snöggar. Reifar stundum áberandi mislitar. - **R**.

- R Reifar aldrei kafloðnar af löngum broddhárum. Broddhár á reifum oftast ljós, frekar stutt og oft hrokkin. Reifar oft áberandi mislitar. Körfur oft margar og fremur smáar. Blöð oft áberandi bláleit. Stílar og fræni oftast ljós en geta verið greinilega lituð. - S.
- S Blöð mjökka smám saman niður að stilk. Stöngulblöð 1-3. Blöð oftast bláleit eða rauðleit á neðra borði og blágræn á efra borði. Blöð oftast lítið tennt. Reifar oftast nokkuð jafndökkar, með miklum fjölda stuttra, gulra kirtilhára. Broddhár á reifum dökk eða ljós. Kirtilhár á blaðrönd oftast auðfundin en geta verið fá. Broddhár á blaðröndum stundum áberandi gróf.

5. *H. microdon* - holtafifill

- SS Blöð oftast þverstýfð að neðan og nálægt því að vera þríhyrnd. Löng blöð geta þó verið með fleyglaga grunni. Blöð oft verulega tennt, einkum neðri hluta blaða þar sem tennur eru oft stórar og vísa út eða þær neðstu jafnvel aftur. Blöð geta einnig verið sporbaugótt og næstum heilrend. Stöngulblað aðeins eitt eða ekkert. Blöð geta verið græn en eru oft blágræn á efra borði og bláleit eða rauðleit á neðra borði. Reifar geta verið jafnlitar, dökkar eða gráar en eru mjög oft mislitar. Þær eru þá dökkar í miðju með ljósari jöðrum. Innri reifar eru oft mun ljósari en þær ytri. Broddhár á reifum eru oft ljós næstum niður að grunni, oft snúin og hrokkin og liggur því hluti þeirra oft upp að körfunni. Körfur eru því oft frekar ljósar, einkum neðst. Kirtilhár á reifum geta verið nokkuð breytileg að lengd, lit og fjölda. Oftast eru þau greinilega gul en geta verið hálfglær eða jafnvel gráleit. Kirtilhár á blaðröndum oftast auðfundin og oft mörg. Broddhár á blaðröndum oftast áberandi gróf.

4. *H. senex* - hlíðafifill

- RR Reifar oftast kafloðnar af beinum, löngum, dökkum, sjaldnar ljósum, broddhárum. Reifar geta þó verið heldur snöggar. Reifar aldrei áberandi mislitar. Stílar og fræni oftast mjög dökk. Körfur oftast fáar og nokkuð stórar, oftast mjög dökkar. Blöð sjaldan áberandi bláleit. Blöð oftast ydd og tennt en geta verið næstum kringlótt. Kirtilhár á blaðröndum mörg. Broddhár á blaðröndum geta verið löng en eru ekki áberandi gróf.

12. *H. bipediforme* - kvíslfifill

- QQ Engin stjarnhár á reifablöðum nema þá örfá neðst á ytri reifum. Reifar kafloðnar af löngum broddhárum. Reifar aldrei greinilega mislitar. Mikill fjöldi kirtilhára á blaðröndum. - T.
- T Stílar og fræni nær alltaf gul eða aðeins litillega lituð. Körfur mjög stórar nema plöntur séu því smærri. Næstum undantekningarlaust aðeins ein karfa á stöngli. Fyrir kemur að aukakarfa er á löngum stilk úr blaðöxl neðarlega á stöngli. Blöð oftast nálægt því að vera spaðalaga eða lensulaga og lítið tennt. - U.
- U Reifablöð frekar stutt og breið. Reifar oftast gráar að sjá. Körfur oftast breiðar og þverar að neðan. Blöð oftast spaðalaga, stundum lensulaga.

7. *H. alpinum* - fellafifill

UU Reifablöð áberandi löng og mjó. Reifar virðast alsvartar. Körfur mjökka oftast áberandi niður. Blöð löng og mjó, lensulaga eða mjólensulaga. Neðstu blöð þó oft styttri og breiðari.

8. *H.kaldalonense* - snæfifill

TT Stílar og fræni nær alltaf mjög dökk. Stundum er ein karfa á stöngli, stundum fleiri. Körfur stórar eða frekar smáar, jafnvel smáar. Blöð lítið eða mikið tennt. - V.

V Blöð oftast reglulega rauðfleckótt, oftast lensulaga og lítið tennt en geta verið tungulaga og geta verið tennt. Körfur stórar og breiðar, geta þó verið minni á smávöxnum plöntum.

9. *H.rubrimaculatum* - flikrufifill

VV Blöð aldrei með reglulegum rauðleitum flekkjum. Rauður litur getur þó verið í blöðum. Blöð oftast tungulaga eða þríhyrnd, stundum mikið tennt. - X.

X Blöð oftast snubbótt, tungulaga eða spaðalaga, geta verið hvasstennt með stórum bognum tönnum en geta einnig verið heilrend. Oft er aðeins ein karfa en þær geta verið fleiri á stöngli. Körfur oftast mjög stórar nema plöntur séu mjög smáar.

10. *H.lygistodon* - heiðafifill

XX Nær alltaf einhver blöð næstum þríhyrnd, hvassydd með mjög stórum, bognum, hvössum tönnum neðst. Nær alltaf með fleiri en einni körfu á stöngli. Oft eru körfurnar margar. Stundum er ein karfan nokkuð stór en aðrar smáar. Oft eru þó allar körfurnar smáar þótt plönturnar séu nokkuð hávaxnar.

11. *H.semibipes* - greinafifill

LÝSINGAR Á ÍSLENSKUM TEGUNDUM

1. *H.islandicum* (J. Lange) Dahlst. - íslandsfífill

Oft með renglum. Stöngull oftast 15-35 sm, mjög smáar plöntur aðeins 6 sm en mjög stórvaxnar plöntur geta orðið a.m.k. 60 sm. Stöngull alloft fjólublár neðan til, stundum grænn neðan til en fjólublár ofan til og stundum allur fjólublár. Stöngull með afar löngum, stinnum, útstæðum broddhárnum. Broddhár ljós eða gulleit, með dökkum grunni. Kirtilhár á stöngli dökk, frekar stutt. Kirtilhár vantar oft neðst á stöngul, eru dreifð um miðjan stöngul en þéttari efst. Kirtilhár sjást mjög vel með stækkunargleri. Strjálíngur af stjarnhárnum er á efri hluta stönguls og stundum einnig á neðri hluta.

Stöngulblöð oft tvö, eitt nokkuð stórt og annað mjög lítið, stundum eru þau þrjú og stundum er aðeins eitt.

Hvirfingblöð geta verið dökkgræn eða gulgræn en eru oftast blágræn, stundum rauðfjólublá að hluta. Blöð lensulaga, eggensulaga eða spaðalaga, snubbótt eða ydd, heilrend eða smáörðótt. Blöð mjókka smám saman niður og ekki eru skörp skil milli stिल्s og blöðku. Blöð virðast því ýmist vera stilklaus eða með breiðvængjuðum stilk. Miðstrengur er oft áberandi ljós eða áberandi litaður.

Blaðrönd með mjög löngum broddhárnum. Broddhár eru einnig á miðstreng á neðra borði og oft á efra og neðra borði meðfram blaðröndinni. Stundum eru broddhár um allt neðra borðið. Stjarnhár geta verið á miðstreng á neðra borði og eins á blaðrönd. Stutt, gul kirtilhár eru stundum á blaðrönd og á miðstreng á neðra borði.

Körfustilkur með allþéttum stjarnhárnum, dökkum kirtilhárnum og mjög löngum broddhárnum. Broddhárin eru oftast mjög áberandi mislöng. Hnúður kirtilhára getur verið gulur.


Körfur smáar, oftast 3-5, örsjaldan aðeins ein, geta orðið a.m.k. 12.

Oddur reifablaða stundum rauðleitur. Reifablöð með afar löngum, stinnum broddhárnum sem eru gul eða ljós framan til en með dökkum grunni. Kirtilhár á reifum í meðallagi löng eða löng, dökk en þó stundum með gulleitum hnúð. Stjarnhár á reifum fá. Broddhár á körfustilkum og reifum eru sléttari á *H.islandicum* en öðrum íslenskum tegundum. Aðeins vottar fyrir smábrottum hér og hvar, einkum um miðbik háranna. Broddhár á reifum eru oft að því er virðist alveg slétt.


Tungutennur hárlausar. Stíll og fræni gul eða lítillaga lituð. Aldin ljósbrún-dökkbrún.

Vex í graslendi, mólendi, lyngbrekkum og kjarri.

Þessi tegund er gjörólik öllum öðrum íslenskum tegundum. Hún er skyld *H.lactucella* sem líklega er ekki til hérlendis nema í ræktun og *H.aurantiacum* sem er með rauðum blómum. Ég sé eins og er enga ástæðu til að skipta þessari tegund niður í afbrigði.



1. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium islandicum*.



2. mynd. Hæring *Hieracium islandicum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



3. mynd. *Hieracium islandicum*, útlit.

2. *H.aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. - arinfifill

Stöngull oftast 30-40 sm en getur orðið 50 sm. Smávaxnar plöntur aðeins 15-20 sm. Stöngull oftast algrænn, stundum rauðfjólublár neðst. Stöngull allur stjarnhærður en lítið. Kirtilhár efst á stöngli. Órlítið af broddhárum neðan til á stöngli og stundum eru strjál broddhár annars staðar.

Stöngulblað ekkert eða eitt, oftast lítið. Stöku sinnum er eitt stórt stöngulblað á miðjum stöngli eða rétt ofan við blaðhvirfingu.


Hvirfingblöð mörg, oft margvíslega löguð á sömu plöntu, oddbaugótt, sporbaugótt, lensulaga, öfuglensulaga, öfugeggulaga, kringlótt eða hjartalaga. Bláðtenning er oft mismunandi á sömu plöntu. Blöð geta verið heilrend, eru oft hvasstennt en smátennt og alloft eru stórar, bognar tennur á neðri hluta blaða. Á sumum plöntum eru öll blöð tennt og á öðrum geta öll blöð verið heilrend. Tennur vísa yfirleitt fram. Neðstu tennur geta þó vísað þvert út frá blaðrönd eða jafnvel aftur. Blöð eru oftast algræn, stundum gulgræn. Neðra borð er stundum bláleitt. Neðstu blöð geta verið rauðleit. Bláðka er vel afmörkuð frá stilk. Bláðgrunnur mjókkar stundum nokkuð jafnt niður að stilk en mjókkar oft snögglega og er þverstýfður. Oft er þetta mjög misjafnt á sömu plöntu. Stundum er blaðgrunnur hjartalaga eða hóflaga. Bláðstilkur oft alláberandi hærður, getur verið fjólublár neðst. Blöð eru oftast frekar smá, blaðkan oft innan við 7 sm að lengd en getur orðið miklu lengri.

Blöð eru oft næstum hárlaus á efra borði en þó geta verið dreifð broddhár um allt efra borðið. Sjaldan er nokkuð að ráði af stjarnhárum á efra borði. Bláðrönd broddhærð, stundum einnig stjarnhærð. Fyrir kemur að eitt og eitt örstutt, gult kirtilhár er á blaðrönd. Neðra borð með allnokkru af broddhárum, oftast einnig með einhverju af stjarnhárum. Stundum eru blöð með allþéttum stjarnhárum á neðra borði.


Körfustilkur oftast langir. Dökk, löng eða mjög löng kirtilhár áberandi á körfustilkum. Körfustilkur eru allöðnir af stjarnhárum, með broddhárum á stangli.

Körfur oftast 4-6, geta verið 12, stundum færri, 2-3, örsjaldan aðeins ein. Körfur frekar smáar eða smáar, stundum mjög smáar.

Reifar dökkar að sjá, mjög frammjóar og langar. Innri reifar eru þó stundum ljósar en ekki áberandi mislitar. Ef mikið er af stjarnhárum á reifum geta þær orðið nokkuð gráleitar við stækkun. Mjög löng kirtilhár áberandi á reifum. Oftast er fjöldi þeirra mikill og yfirgnæfa þau þá aðrar hárgerðir algerlega. Fremst á reifum eru kirtilhárin oft styttri og stundum eru kirtilhárin mjög mislöng, jafnvel á neðri hluta reifaþlaða. Kirtilhárin eru oftast alsvört en hnúðurinn er þó stundum gulur. Stjarnhár eru oft áberandi á jöðrum reifaþlaða og oft eru þau einnig á baki en lita þó sjaldan reifar áberandi gráar. Broddhár eru mismunandi mörg, oftast eru þau aðeins á stangli á reifum og lítið áberandi. Stundum eru jafnvel engin broddhár á reifum. Broddhár geta stundum verið nokkuð mörg, jafnvel álika mörg eða fleiri en kirtilhárin. Broddhár eru með dökkum grunni og aðeins fremsti hluti þeirra ljós. Stundum eru broddhárin alveg svört. Ljósir hártoppur oft á reifaendum.



4. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium aquiliforme*.



5. mynd. Hæring *Hieracium aquiliforme*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



6. mynd. *Hieracium aquiliforme*, útlit.



7. mynd. *Hieracium aquiliforme*, útlit.



8. mynd. *Hieracium aquiliforme*, útlit.

Tungutennur hárlausar eða lítillaga hærðar, stundum þó greinilega hærðar. Stíll og fræni stundum næstum gul en oftast eitthvað lituð en þó sjaldan verulega dökk. Aldin brún.

Vex í skóglendi, grasbrekkum, grasmóum, lyngdældum og klettum.

Þetta er oftast auðþekkt tegund en breytileg. Frá *H.holopleurum* er oftast auðvelt að greina hana á löngu, dökku kirtilhárnum á reifunum. Blaðgrunnur er oft mun þverstæðari á *H.aquiliforme* en á *H.holopleurum* og *H.holopleurum* er oftast með greinilegum stöngulblöðum. Til eru þó plöntur sem ekki eru auðveldar í greiningu. Þetta á einkum við þegar broddhár eða stjarnhár eru áberandi á reifum en minna ber á kirtilhárnum en venjulega og þau eru jafnframt styttri en á dæmigerðum *H.aquiliforme*.

Þverstæður blaðgrunnur eða jafnvel hjartalaga er á *H.senex* eins og algengt er á *H.aquiliforme*. Oftast eru þessar tegundir þó auðgreindar í sundur. Löng broddhár á blöðum, ljós, hrokkin broddhár og stutt, gul kirtilhár á reifum eru einkennandi fyrir *H.senex*. Þessi einkenni eru þó ekki alltaf öll greinileg og fyrir koma plöntur sem erfitt getur reynst að nafngreina.

Löng, dökk kirtilhár eru á reifum *H.anglicum* eins og á *H.aquiliforme*. Fyrir koma plöntur sem eru án stöngulblaða og líkjast *H.aquiliforme*. Oftast eru broddhár á reifum fleiri, lengri og ljósari á *H.anglicum* en á *H.aquiliforme*. Blöð eru oftast hærðari, hæring á blöðum grófari og körfur stærri.

H.aquiliforme er flókin og margbreytileg tegund. Hún er yfirleitt dæmigerðust á norðanverðu landinu. Hugsanlega skiptingu tegundarinnar þyrfti að kanna. Ég tel reyndar að slík rannsókn yrði tímafrek og óvist um árangur. Ég tel því alveg ótímabært að reyna slíka skiptingu.

3. *H.holopleurum* Dahlst. - runnaftill

Stöngull oftast 30-60 sm, jafnvel hærri. Stöngull hárlítill en venjulega er nokkuð af stjarnhárnum á stöngli og broddhár á stangli. Stöngull oft rauðfjólublár neðst og efri hluti stönguls er stundum flikróttur.

Hvirfingblöð oft 3-5 en stundum 8 eða fleiri. Blöð yfirleitt græn eða gulleit en þó er alloft einhver blár, fjólublár eða rauður blær á þeim, einkum neðstu blöðunum. Neðra borð er oft lituð þótt efra borðið sé grænt. Hvirfingblöð stilkun, oftast öfugeglaga eða eggensulaga, stundum heilrend en oftast lítillaga tennt. Blöð geta verið hvasstent á neðri hluta og eru tennur þá stundum krókbognar og ganga jafnvel niður eftir stilknum. Tennur vísa fram á við. Hvirfingblöð oft nokkuð stór. Á hávöxnum eintökum er blaðkan alloft 10-15 sm löng og 4-5 sm breið. Neðri hluti blaða mjókkar smám saman niður að stilk.

Stöngulblöð stilkun, mismörg. Stundum eru 3 stór stöngulblöð, sjaldan 4-5. Þá eru a.m.k. tvö neðstu blöðin lík hvirfingblöðunum. Stundum er aðeins eitt stórt stöngulblað og er það þá oft mun minna en hvirfingblöðin. Fyrir kemur að stöngulblað vantar.

Blöð broddhærð á röndum og báðum hliðum, en þó lítið hærð á efra borði. Blöð eru oftast lítið stjarnhærð. Oftast eru þó strjál stjarnhár á jöðrum og neðra borði. Stundum er stjarnhæring mjög greinileg á jöðrum og efra borðið getur jafnvel verið allnokkuð stjarnhært. Stundum eru örfá, örsmá, gul kirtilhár á blaðrönd. Blaðstílkar stundum áberandi hærðir og stöngull er stundum áberandi hærður við stílkfót.

Körfustílkar oft þéttlöðnir af stjarnhárum, með nokkru af broddhárum og meðallöngum kirtilhárum.

Körfur oftast 2-5, stundum aðeins ein, stundum fleiri en 15. Körfur oftast í meðallagi stórar en geta verið smáar, einkum þegar þær eru mjög margar. Körfustílkar oft stuttir og því eru oft tvær til þrjár körfur þétt saman.

Reifa-blöð oftast löng og mjó en geta verið frekar stutt og snubbótt. Reifa-bláðaoddar oft greinilega rauðleitir. Ytri reifar oftast með greinilegum, ljósum jaðri vegna fjölda stjarnhára, oft einnig innri reifar. Stundum eru öll reifa-blöðin alstjarnhærð og grá. Broddhár eru með dökkum grunni og ljósum framhluta. Oft myndar grunnur þeirra greinilega, dökka rák eftir miðju innri reifa-bláða. Kirtilhár á reifum eru stutt eða frekar stutt og heldur lítið áberandi, sjást stundum sámilega í stækkunargleri en stundum ekki. Kirtilhárin geta stundum verið nokkuð greinilega gulleit en oftast eru þau dökk. Sum geta vírst gul en önnur dökk á sama reifa-bláði. Ljósir hártoppar stundum á reifaendum.


Tungutennur hárlausar eða lítillaga hærðar, örsjaldan með áberandi hárum. Stíll og fræni næstum gul-dökk, oftast dökk. Aldin brún.

Vex í skóglendi, árgljúfrum, grasbrekkum og lyngi. Upplýsingar um vaxtar-aðstæður skortir. Það á reyndar við um allar undaflategundirnar.


Af íslenskum tegundum er *H.holopleurum* skyldastur *H.aquiliforme*. *H.holopleurum* er oftast auðgreind tegund. *H.tynnotrichum* er með aðra lögun á reifum og hæring á reifum er önnur. Hæring reifa á *H.aquiliforme* er oftast verulega frábrugðin hæringu *H.holopleurum* og blaðgrunnur er öðru vísi á *H.holopleurum* en venjulegast er á *H.aquiliforme*. *H.arrostoccephalum* er öðru vísi í útliti og körfulögun og hæring reifa er önnur.

Aðalgerðir *H.holopleurum* eru auðþekktar á blaðlögum, stöngulblöðunum og hæringu reifa. Stöngulblaðalausar plöntur eru einnig nokkuð auðþekktar ef hæring á reifum er dæmigerð fyrir *H.holopleurum*. Fyrir koma gerðir sem eru með minna stjarnhærðum reifum en venjulegast er. Þessar gerðir eru oft auðþekktar á útliti og á dökku rákinni á innri reifa-blöðum. Innri reifar geta verið dökkar og rákalausar. Slíkar gerðir eru oftast auðþekktar á stöngulblöðunum og blaðlögum.

Körfuskipan *H.holopleurum* er að vísu nokkuð breytileg en oft er hún sérkennileg vegna þess að 2-3 körfur eru oft mjög þétt saman. Geta nokkrir slíkir körfuhópar verið á sömu plöntu. Þetta einkenni getur komið að notum við greiningu. Bent skal þó á að þetta er ekki föst regla og eins að þetta kemur fyrir á fleiri tegundum.



9. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium holopleurum*.



10. mynd. Hæring *Hieracium holopleurum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



11. mynd. *Hieracium holopleurum*, útlit.



12. mynd. *Hieracium holopleurum*, útlit.



13. mynd. *Hieracium holopleurum*, útlit.



14. mynd. *Hieracium holopleurum*, útlit.

Ekkert mælir á móti því að *H.holopleurum* sé rannsakaður frekar. Helst væru það þær gerðir sem eru lengst frá aðalgerðinni sem æskilegt væri að líta betur á. Ég tel ekki rétt að skipta *H.holopleurum*, eins og hann er skilinn hér, neitt niður án frekari athugana.

4. *H.senex* (Dahlst.) Dahlst. - hlíðafífill

Stöngull oftast 30-45 sm, mjög smáar plöntur þó aðeins um 15 sm. Stöngull oft rauðleitur neðan til, lítið hærður en er þó með strjálíngi af stjarnhárnum og broddhárnum. Stutt kirtilhár eru oftast efst á stöngli.

Yfirleitt er ekkert stöngulblað en stundum er eitt stöngulblað, oftast lítið en getur þó verið stórt.

Hvirfingblöð stundum aðeins 3-4 en oftast fleiri. Blaðstilkur oft rauðfjólubláur. Blöð oftast í meðallagi stór, geta verið allstór en einnig frekar smá. Blöð oft frekar þykk en stór blöð þó oftast þunn. Neðra borð oft bláleitt, rauðleitt eða fjólublátt. Blöð oft blágræn á efra borði og geta verið með rauðleitum flekkjum á efra borðinu en geta einnig verið græn eða gulgræn.

Blöð oft margvíslega löguð á sömu plöntu. Blöð eru oftast nálægt því að vera þríhyrnd, með þverum grunni en annars oddbaugótt, sporbaugótt eða breiðlensulaga og sum geta verið hjartalaga með útdregnum oddi. Blöðin eru oftast breiðust neðst eða rétt fyrir ofan blaðgrunn. Blaðgrunnur oftast þver en getur verið fleyglaga einkum ef blöðin eru löng. Blaðgrunnur getur einnig verið hjartalaga, einkum á stuttum og breiðum blöðum. Blöð oftast tennt, einkum neðst. Tennur oft grófar og útstæðar, oft misstórar. Fyrir kemur að neðstu tennur líkist meira flipum en tönnum. Blöð eru oft svo til heilrend framan til. Neðstu tennurnar geta vísað aftur. Blöð geta verið heilrend eða svo til heilrend.

Blöð eru oft svo til hárlaus á efra borði. Broddhár eru þó oft á strjálíngi um efra borðið, stundum eru þau jafnvel alláberandi. Neðra borð blaða með broddhárnum. Bládrönd langoftast með mjög löngum, ljósum eða gulum, grófum broddhárnum sem geta verið afar áberandi. Broddhæring blaðrandar getur verið fingerðari en með góðri stækkun er þessi grófa hæring þó oftast auðsæ. Stutt, gul kirtilhár á blaðrönd. Stutt, gul kirtilhár eru oft á blaðstreng á neðra borði og stundum eru dreifð kirtilhár á neðra borði blaða. Dreifð stjarnhár eru oft á neðra borði blaða og neðra borðið er stundum áberandi stjarnhært. Efra borð er stundum einnig talsvert stjarnhært en oftast eru þar aðeins mjög dreifð stjarnhár eða alls engin. Stjarnhár eru á blaðrönd ef neðra borðið er eitthvað að ráði stjarnhært. Blaðstilkur eru þéttsetnir löngum, ljósum eða gulleitum broddhárnum og eins ung blöð.

Körfustilkur þéttloðnir af stjarnhárnum, með einhverju af ljósum eða gulum broddhárnum og frekar stuttum kirtilhárnum.

Körfur oftast 2-4, stundum fleiri, geta orðið a.m.k. 8, stundum er aðeins ein karfa. Körfur oftast í meðallagi stórar, geta verið stórar og stundum smáar á smávöxnum eintökum.

Reifablöð löng og mjó, stundum rauðleit í endann. Ytri reifablöð með löngum ljósum eða gulleitum broddhárnum sem eru með dökkum grunni. Broddhárin eru oftast ljós næstum niður að grunni. Oft eru þau áberandi bogin eða hrokkin, einkum á neðri hluta körfu. Broddhár eru oftast mest áberandi hárgerð á reifum, einkum neðan til. Körfur eru því oft frekar ljósar neðan til ef fjöldi broddhára er verulegur. Ytri reifar eru oft gráar af stjarnhárnum á jöðrunum. Oft er einnig talsvert af stjarnhárnum á baki reifablaða. Stundum eru reifar algráar af stjarnhárnum. Kirtilhár á reifum stutt eða frekar stutt og gul eða hálfglær. Kirtilhár á reifum sjást oft sémilega með stækkunargleri en erfitt getur reynst að segja til um lit þeirra við þá stækkun. Liturinn getur jafnvel valdið einhverjum erfiðleikum við meiri stækkun. Innri reifar eru ljósari en þær ytri og með færri hárum en með sömu hárgerðum. Þær eru oft áberandi mislitar, með ljósum jaðri. Ytri reifar geta einnig verið áberandi mislitar.

Tungutennur oftast hárlausar, stundum lítilega hærðar, sjaldan greinilega hærðar. Stundum er þetta breytilegt á sömu plöntu. Stíll og fræni oftast gul eða lítilega lituð en geta þó verið greinilega lituð. Aldin brún.


Vex í urðum, skriðum, hraunum, lyngbrekkum, grasmóum, klettaskorum, vegköntum, kjarri, brekkum og fjallshlíðum.

Þessi tegund er þekktust undir nöfnunum *H.chlorolepidotum*, *H.perornaticeps* og *H.schmidtii*. Nafnið *H.senex* er notað hér sem elsta nafn fyrir íslensk eintök tegundarinnar. Tegundin *H.senex* hefur verið talin tilheyra annarri ættkvíslardeild en fyrrnefndar tegundir. Að því leyti er þetta óheppilegt en hjá því verður ekki komist nema notað sé nafn sem byggt er á erlendum nafneintökum.


H.senex er mjög breytileg tegund. Hún er ekki verulega skyld öðrum íslenskum tegundum en *H.microdon*. Dæmigerður *H.senex* er auðþekktur og hefur mörg sérkennandi einkenni, t.d. hrokkin, ljós broddhár á reifum, stutt, gul kirtilhár á reifum og blöðum, næstum gula stíla, löng, gróf broddhár á blaðrönd, þverstýfðan blaðgrunn og oft bláleit blöð.

Þessi einkenni er ekki alltaf öll að finna og fyrir koma gerðir sem geta að einhverju leyti líkst öðrum tegundum, einkum *H.microdon*, en einnig *H.aquiliforme*, *H.holopleurum* og *H.anglicum*. Gerðir fyrrnefndra tegunda geta ekki síður líkst *H.senex*. Stundum getur því reynst vandasamt að nafngreina vafacintök.

H.senex er til í mörgum gerðum. Tegundin er bæði dæmigerðust og algengust um vestanvert landið. Þetta er tegund sem vert væri að rannsaka frekar. Vera kann að unnt sé að skipta henni niður í skyldleikahópa með skynsamlegu móti. Eins getur verið að mismunandi gerðir séu að talsverðu leyti tilkomnar vegna munar á umhverfispáttum á mismunandi vaxtarstöðum. Tegundina þarf að skoða vandlega úti í náttúrunni, m.a. með tilliti til þess hvort einhverjar gerðir haldist greinilega aðgreinanlegar frá öðrum gerðum á sama stað. Mér hefur ekki tekist að finna leið til að skipta tegundinni niður þannig að viðunandi sé og geri því ekki tilraun til þess hér. Slík skipting verður að biða frekari rannsóknna.




15. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium senex*.



16. mynd. Hæring *Hieracium senex*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



17. mynd. *Hieracium senex*, útlit.



18. mynd. *Hieracium senex*, útlit.



19. mynd. *Hieracium senex*, útlit.

5. *H. microdon* (Dahlst.) Omang - holtaffill

Stöngull oftast 20-40 sm. Smáar plöntur ekki nema um 12 sm. Stöngull oft með rauðfjólubláum flekkjum, stundum allur rauður eða rauðfjólublár neðan til. Stöngull oftast lítið hærður en er þó með strjálengi af broddhárnum og stjarnhárnum. Kirtilhár eru stundum efst á stöngli.

Stöngulblöð 1-3, oft stilklaus en stundum stilkúð. Ef þau eru fleiri en eitt fara þau mjög minnkandi upp eftir stöngli. Stöngulblöð oft nokkuð áberandi útstæð.

Hvirfingblöð oftast 3-6, stilkúð. Blöð oft bláleit eða rauðleit, alloft blágræn á efra borði en rauðleit á neðra borði. Hvirfingblöð oftast sporbaugótt, oddbaugótt eða öfuglensulaga en geta verið tígullaga. Blöð mjökka smám saman niður að stilk nema þau sem eru það stutt að þau nálgast það að vera kringlótt. Bládrönd oft smánöbbótt en eru þó stundum með greinilegum en smáum tönnum.

Blöð eru oft hárlaus á efra borði að því undanteknu að nokkur broddhár eru meðfram bládrönd. Strjálengur getur þó verið af broddhárnum um allt yfirborðið. Neðra borð broddhært og miðstrengurinn er oft áberandi mikið broddhærður. Bládrönd broddhærð. Oft eru þétt, löng, gróf, ljós eða gulleit broddhár á bládrönd sem sjást vel með berum augum. Hæringin getur þó verið fingerðari. Löng, ljós eða gulleit broddhár stundum áberandi neðst á blaðstilkum og á stöngli við stilk- eða blaðfætur. Á bládrönd eru gul, stutt kirtilhár. Fjöldi þeirra er aldrei mikill en oftast eru þau auðfundin. Eitt og eitt stjarnhár er alloft á neðra borði stöngulblaða og stundum er neðra borðið þétt hært af stjarnhárnum. Bládstrengur á neðra borði hvirfingblaða er oft með stjarnhárnum, stundum einnig með kirtilhárnum. Á neðra borði hvirfingblaða er stundum strjálengur af stjarnhárnum. Stjarnhár eru stundum á bládstreng á efra borði og á bládrönd og efra borð hvirfingblaða getur verið nokkuð stjarnhært.


Körfustilkar með allmiklu af stjarnhárnum, nokkru af broddhárnum og einhverju af kirtilhárnum. Kirtilhár stundum mjög mörg, oftast gul eða glær og stutt.

Körfur oftast 2-4, stundum aðeins ein en geta orðið fleiri en 10. Körfur í meðallagi stórar, stundum áberandi stórar en geta verið mjög smáar á smávöxnum eintökum.


Reifar oftast frekar dökkar og nokkuð jafnlitar, oddmjóar. Innri reifar þó oft ljósleitar. Reifablöð stundum rauðleit í oddinn. Reifar yfirleitt ekki mikið hærðar. Reifar með ljósum eða gulleitum broddhárnum sem eru þó dökk neðst. Broddhár geta verið nær aldökk og eins geta þau verið að mestu ljós. Broddhár geta stundum verið smávegis hrokkin. Stjarnhár að minnsta kosti á reifa-jöðrum, oft einnig á baki ytri reifablaða. Oftast er mikill fjöldi kirtilhára á reifum. Þau eru gul og stutt. Neðst á reifum geta þau þó verið meðallöng og með dökkum grunni.

Tungutennur hárlausar eða svo til hárlausar. Stíll og fræni gul eða lítillaga lituð. Aldin brún.

Vex í hraunum, urðum, holtum, móum, graslendi og kjarri.



20. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium microdon*.



21. mynd. Hæring *Hieracium microdon*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



22. mynd. *Hieracium microdon*, útlit.

Þessi tegund er oftast auðþekkt. Hún er skyld *H. senex* og ein og ein planta getur verið vandgreind. Breytileiki er ekki verulegur og því virðist engin ástæða til að ætla að skynsamlegt sé að skipta tegundinni niður í afbrigði.

6. *H. anglicum* Fries - tígulfifill

Stöngull sterklegur, oftast 30-55 sm hár, smávxnar plöntur þó aðeins um 20 sm. Stöngull oft rauðfjólublár allra neðst og stundum eru flekkir upp eftir stöngli. Strjálingur af stjarnhárum og löngum, gulum broddhárum um allan stöngul. Oft er eitthvað af stuttum-löngum kirtilhárum á efsta hluta stönguls. Stöngull er oft áberandi loðinn, einkum neðan til.

Stöngulblöð 1-3 og stundum fleiri en þau efstu eru þá örsmá. Fyrir kemur að aðeins er eitt lítið stöngulblað. Ein og ein planta getur jafnvel verið stöngulblaðalaus. Stöngulblöð minnka mjög greinilega upp eftir stöngli. Neðsta stöngulblað langoftast tígullaga og greinilega greipfætt. Stöngulblöð geta þó verið sporbaugótt. Stöngulblöð eru oftast mun smærri en hvirfingblöðin. Stundum er þó neðsta stöngulblað næstum jafn stórt og hvirfingblöðin. Mikil ljós eða gul hæring oft áberandi við blaðgrunn stöngulblaða.


Hvirfingblöð oftast 2-6, stundum fleiri, nokkuð stór, heilrend-hvasstennt. Blaðstíkar og ung blöð oft áberandi langhærð og gulhærð. Hvirfingblöð oftast tígullaga, stundum eggлага eða lensulaga. Nær alltaf eru þó einhver hvirfingblöð tígullaga. Stundum eru 1-2 smá, kringlótt hvirfingblöð. Hvirfingblöð öll stíkuð. Blaðka mjókkar smám saman niður að stílk. Blöð græn eða gulleit. Langoftast eru þau með sérkennilegum gulgrænum lit en geta þó verið dökk-græn. Rauður eða fjólublár litur í blöðum er sjaldgæfur en kemur þó fyrir.

Blöð eru talsvert hærð af broddhárum á báðum hliðum og eins á blaðrönd. Broddhár gulleit. Efra borði blaða getur þó stundum verið alveg hárlaust. Stjarnhæring blaða mismunandi, stundum sáralítill en stundum alláberandi á blaðrönd og neðra borði. Örsjaldan eru stjarnhár á efra borði blaða. Stundum eru engin stjarnhár á blöðum. Örfá, örsmá, gul kirtilhár oft á blaðrönd.


Körfustíkar þéttloðnir af stjarnhárum, með miklu af alllöngum-löngum-mjög löngum, dökkum kirtilhárum. Kirtilhár oft mislög á sama stílk, sjást vel með stækkunargleri. Broddhæring körfustilka er misjöfn, stundum nær engin, stundum allmikil. Broddhár löng, áberandi gulleit framan til.

Körfur yfirleitt áberandi stórar, oftast 2-5, stundum aðeins ein, geta orðið 10.


Reifar nokkuð jafnlitar og dökkar. Reifablöð löng og mjó. Kirtilhár mismunandi á sama reifablaði. Sum eru frekar stutt og gulleit, einkum framan til á reifum, en nær alltaf eru einhver alllöng og dökk og sjást þau oft vel með stækkunargleri. Fjöldi er mismikill. Því fleiri sem broddhárin eru því færri eru kirtilhárin. Stundum eru kirtilhárin langmest áberandi hárgerðin á reifum og eru þá oft mjög löng. Stundum vantar löngu, dökku kirtilhárin nær alveg og flest kirtilhárin eru þá stutt og gulleit. Broddhár löng, áberandi gulleit framan til og aðeins grunnur þeirra er dökkur. Stundum eru aðeins örfá broddhár á reifum en oft yfirgnæfa þau alveg aðrar hárgerðir. Reifar eru því oft



23. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium anglicum*.



24. mynd. Hæring *Hieracium anglicum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



25. mynd. *Hieracium anglicum*, útlit.



26. mynd. *Hieracium anglicum*, útlit.



27. mynd. *Hieracium anglicum*, útlit.

kafloðnar af broddhárum. Ljósir hártoppar eru á reifaendum. Stjarnhæring reifa er misjöfn. Stjarnhárin mynda oft gráa rák á jöðrum reifablaða, a.m.k. á ytri reifum. Stundum er einnig verulegur fjöldi stjarnhára á baki reifablaða og geta reifar orðið gráloðnar af stjarnhárum. Broddhæring er þó oftast mest áberandi hárgerð í slíkum tilvikum.

Tungutennur oftast áberandi hærðar, stundum þó aðeins lítillaga hærðar, sjaldan hárlausar. Hæring á tungutönnum sést oft auðveldlega í stækkunargleri.

Stíll og fræni lítillaga lituð-dökk, langoftast greinilega dökk.

Aldin ljósbrún-dökkbrún.

Vex í brekkum, á klettasyllum og í kjarri. Upplýsingar um vaxtaráðstæður eru enn ófullnægjandi.

H.anglicum, í þeirri víðu merkingu sem hér er notuð, er oftast auðþekkt tegund. Hún er ekki náskyld neinum öðrum íslenskum tegundum. Tegundin er verulega breytileg og sum eintök geta verið vandgreind. Þetta á einkum við um eintök sem eru án stöngulblaða eða eru aðeins með mjög smáum stöngulblöðum. Eintök sem eru með mjög stjarnhærðum reifum geta einnig verið varasöm og eins eintök sem eru aðeins með stuttum kirtilhárum á reifum.

Tegundina þarf að rannsaka frekar. Hæring reifa er breytilegasta einkennið. Kanna þarf betur samband eintaka með mismunandi hæringu á reifum. Tegundin, í víðri merkingu, er aðallega samsett úr fjórum megingerðum sem nefndar hafa verið *H.anglicum*, *H.arctocerinthe*, *H.leucodetum* og *H.stoedvareense*. Kanna þarf hvort einhver þessara gerða sé nægilega vel aðgreind til að geta talist sérstök tegund. Tegundin er að jafnaði dæmigerðust á Austfjörðum og Suðurlandi. Annars staðar eru eintök oft að einhverju leyti frábrugðin dæmigerðum *H.anglicum*. Ég tel að allar fyrrnefndar gerðir séu svo náskyldar og renni svo fullkomlega saman að óraunhæft sé að kljúfa tegundina niður nema frekari athuganir úti í náttúrunni leiði í ljós að það sé æskilegt. Hér er því ekki gerð nein tilraun til að skipta tegundinni niður í afbrigði.

7. *H.alpinum* L. - fellafífill

Stöngull oftast 7-30 sm en getur verið hærri og einnig lægri, áberandi loðinn. Mjög löng broddhár eru um allan stöngul, með dökkum grunni en annars ljós eða gulleit. Stjarnhár eru einnig um allan stöngul og eru sérlega þétt efst á stöngli undir körfunum. Einnig eru kirtilhár um allan stöngul. Þau eru oft verulega mismunandi á sama stöngli. Þau eru oftast stutt eða frekar stutt en geta orðið alllöng efst á stöngli. Þau lengjast oft greinilega upp eftir stöngli og dökkna. Þau eru oftast gul en geta verið glær eða grá og jafnvel svört. Stöngull yfirleitt grænn en getur verið rauðfjólublár neðst.

Stöngulblöð oftast 1-3. Stundum er eitt heldur lítið stöngulblað, stundum er eitt stórt og annað minna ofar og stundum tvö stór. Alloft eru stöngulblöð þrjú og fara minnkandi upp eftir stöngli. Stundum er neðra stöngulblað eða neðsta

stöngulblað eða jafnvel tvö neðstu stöngulblöð jafnstór eða stærri en hvirfingblöðin og geta verið mun stærri. Stöngulblöð geta verið a.m.k. 10.

Hvirfingblöð mörg, oftast spaðalaga. Sum blöð eru þó oft mjórri eða lensulaga. Blöð mjókka smám saman að neðan og skil stिल्s og blöðku eru oft óglögg. Blöðin eru því oft með breiðvængjuðum stilk. Blöð oftast græn en þó alloft eitthvað rauðleit eða rauðfjólublá. Oft er blaðröndin lituð, stundum eru blettir á blöðunum og stundum er jafnvel allt yfirborðið rauðfjólublátt eða rautt. Einkum virðast plöntur á bersvæði til fjalla vera með lituðum blöðum.

Blöð með löngum, ljósum eða gulleitum broddhárum á blaðrönd og neðra borði. Eitthvað af broddhárum er einnig á efra borði en þó minna en á því neðra. Efra borð er stundum svo til án broddhára. Eitthvað af stjarnhárum er oft á miðstreng á neðra borði og stundum strjálíngur á blöðkunni. Stjarnhár geta verið á blaðrönd en oftast eru þau fá. Stjarnhár eru stundum á miðstreng á efra borði en sjaldan utan hans þótt það komi fyrir. Aragrúi af stuttum, gulum kirtilhárum er á blaðrönd og neðra borði en færri á efra borði.

Ein karfa á stöngli. Tveir stönglar geta komið frá sömu rót og örsjaldan kemur fyrir að löng grein kemur úr blaðöxl neðarlega á stöngli. Körfur mjög stórar og breiðar. Á mjög smávöxnum plöntum eru körfur þó stundum aðeins í meðallagi stórar.


Reifar frekar breiðar en þó alltaf áberandi yddar. Reifar kaffloðnar af mjög löngum broddhárum. Broddhár ljós en þó dökk allra neðst, stundum grá framan til. Aragrúi af stuttum, gulum kirtilhárum á reifum. Kirtilhárin geta verið talsvert mislöng og geta verið hálfglær eða jafnvel gráleit. Stjarnhár eru neðst á körfu en ná ekki upp á reifablöðin.

Tungutennur oftast áberandi hærðar. Auk þess eru krónutungurnar með löngum, jafnvel svolítið lituðum, hárum á yfirborði ytri hliðar og geta þessi hár verið afar áberandi.


Stíll og fræni gul eða litlilega lituð, örsjaldan greinilega lituð. Aldin ljósbrún eða dökkbrún.

Vex einkum til fjalla í grasbrekkum, lyngbrekkum, lyngmóum, melum, holtum og snjóðældum.


H.alpinum er oftast auðþekkt tegund. Öruggst er að hafa hann í blóma til að sjá lit á stíl en oftast er hann auðþekktur án þess. *H.kaldalonense* er náskyldur en sú tegund er svo auðþekkt að hún á ekki að valda vandræðum. Það eru helst einhöfða plöntur af *H.lygistodon* með heilrendum blöðum sem erfitt getur reynst að greina frá *H.alpinum*. Í slíkum tilvikum er litur á stíl og fræni öruggasta einkennið. Hafa verður þó í huga að *H.alpinum* getur verið með talsvert lituðum stílum og að *H.lygistodon* getur verið með frekar ljósum stílum. Huga má frekar að sambandi þessara tegunda.




28. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium alpinum*.



29. mynd. Hæring *Hieracium alpinum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



30. mynd. *Hieracium alpinum*, útlit.



31. mynd. *Hieracium alpinum*, útlit.

8. *H.kaldalonense* Dahlst. - snæfífill

Stöngull oftast 10-25 sm, grænn, getur verið svolítið rauðleitur neðst. Stundum eru tveir stönglar frá sömu rót og fyrir kemur að aukakarfa er á löngum stilk frá blaðöxl neðarlega á stöngli. Annars er aðeins ein karfa á stöngli. Stöngull því meira hærður sem ofar dregur. Stöngull allur með löngum broddhárnum með dökkum grunni og ljósum eða gráum framhluta. Stöngull allur með stjarnhárnum. Einnig eru kirtilhár um allan stöngul. Þau eru glær, grá eða dökk, stutt eða alllög, eru stundum gul neðst á stöngli og hnúður getur verið greinilega gulur upp allan stöngul.

Stöngulblöð mjó og heilrend, ýmist aðeins eitt og þá oftast nokkuð stórt eða tvö og þá annað nokkuð stórt en hitt lítið.

Hvirfingblöð oft lensulaga, jafnvel mjólensulaga á hávöxnum plöntum. Neðri blöð og blöð á smávaxnari plöntum styttri og aflög eða jafnvel tungulaga. Blöð oftast heilrend en stundum með smátönnum. Á sumum blöðum, einkum blöðum sem eru aflög og lítillaga tennt, geta hægri og vinstri blaðhelmingar verið sérkennilega ólíkir. Blöð græn eða gulgræn, oft rauðmengudu eða með rauðleitum eða rauðfjólubláum blettum en eru þó ekki reglulega flekkótt. Ljós og löng broddhár með dökkum grunni á blaðrönd og nokkuð á neðra borði og efra borði. Stutt, gul kirtilhár á blaðrönd og neðra borði og eitthvað á efra borði. Nokkur stjarnhár oft á blaðrönd og neðra borði, einkum á miðstreng. Stjarnhár eru sjaldan á efra borði.


Körfur stórar eða í meðallagi stórar, áberandi niðurmjóar, einkum á smávöxnum eintökum. Reifar virðast næstum alsvartar. Reifablöð afar löng og mjó. Reifar þétthærðar af broddhárnum sem eru mjög löng, dökk neðan til en ljósari framan til, gulleit eða gráleit. Körfugrunnur með miklu af stjarnhárnum en þau ná ekki upp á reifablöðin nema þá allra neðst á ystu reifablöð. Mikill fjöldi kirtilhára er á reifum. Þau eru stutt eða frekar stutt, geta þó verið alllög, gul, glær eða grá eða jafnvel dökk. Innri reifablöð stundum talsvert ljósari en ytri reifablöð.

Tungutennur oftast greinilega hærðar og hár eru oft nokkuð áberandi á ytri hlið á krónutungum. Stíll og fræni stundum gul, oftast lítillaga lituð, geta verið greinilega lituð. Aldin brún.


Vex líklega helst í frekar rökum fjallshlíðum.

H.kaldalonense er náskyldur *H.alpinum* en er furðulega auðþekktur frá honum. Ég tel líklegt að *H.rubrimaculatum* sé einnig talsvert skyldur *H.kaldalonense*. Þessar tegundir virðast þó auðþekktar í sundur.

Kápu mynd er af *H.kaldalonense*.



32. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium kaldalonense*.



33. mynd. Hæring *Hieracium kaldalonense*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



34. mynd. *Hieracium kaldalonense*, útlit.



35. mynd. *Hieracium kaldalonense*, útlit.

9. *H.rubrimaculatum* Oskarss. - flikrufifill

Stöngull oftast 15-45 sm. Stöngull með löngum, ljósum broddhárum með dökkum grunni, stjarnhárum og kirtilhárum. Kirtilhár stutt eða frekar stutt, gul neðan til á stöngli en oft dekkri ofan til og geta þar verið alllög og svört. Stöngull stundum eitthvað rauðfjólublár neðst.

Tveir stönglar geta verið frá sömu rót, stundum fleiri. Karfa er stundum ein, oft eru tvær efst á stöngli, stundum er sú þriðja úr blaðöxl um miðjan stöngul. Stundum eru þrjár körfur efst á stöngli og einnig getur fjórða karfan komið úr blaðöxl um eða fyrir neðan miðjan stöngul. Stundum eru fjórar körfur efst á stöngli. Körfur geta verið á löngum stilkum úr blaðöxlum, bæði um miðjan stöngul og neðarlega á stöngli á sömu plöntu.

Stöngulblöð oftast eitt eða tvö og er neðra blað þá oft stórt, stundum eru þrjú stöngulblöð, jafnvel fjögur.

Hvirfingblöð lensulaga eða þau neðstu tungulaga, oft frekar löng og breiðust um miðju og með nokkuð samsíða hliðum um blaðmiðju. Blöð stundum breiðust fyrir neðan miðju og frammjó. Blöð oft heilrend en stundum með nokkrum hvössum tönnum um miðju og neðri hluta blaðs, stundum bugtennt.


Blöð með reglulegum rauðum eða rauðfjólubláum flekkjum á efra borði. Blöð geta verið næstum alrauð og geta verið rauðleit eða rauðfjólublá á neðra borði. Oft eru sum blöðin blettalaus þótt önnur séu með greinilegum blettum. Fyrir koma plöntur sem eru með öll blöðin blettalaus. Á sama stað geta vaxið plöntur með blettóttum blöðum og plöntur með blettalausum blöðum sem eru að öðru leyti nákvæmlega eins. Oft má finna smábletti á plöntum sem virðast blettalausar. Nær alltaf má finna rauðan lit á blöðum blettalausra plantna. Þau eru oft rauðmengud þótt þau séu ekki reglulega blettótt. Blettalausar plöntur eru oft með áberandi brúnleitum blöðum eða áberandi ljósgrænum blöðum.

Stjarnhár eru oft á blaðrönd og neðra borði, sjaldnar á efra borði. Stundum er talsvert af stjarnhárum á blaðrönd. Stutt, gul kirtilhár á blaðrönd, neðra borði og eitthvað á efra borði. Löng, ljósleit eða gulleit broddhár á blaðrönd og báðum megin en færri þó á efra borði.


Körfur stórar, breiðar að neðan, frekar dökkar. Smávaxnar plöntur geta þó verið með frekar smáum körfum. Reifablöð frekar löng og mjó. Reifablöð með þéttum, löngum broddhárum sem eru dökk neðst en ljósari eða gráleit framan til. Aragrúi af stuttum, gulum kirtilhárum á reifum, en þau geta þó verið dekkri og lengri. Stjarnhár ná ekki upp á reifablöð nema þá neðst á ystu reifablöð. Ystu reifablöð geta þó verið með eitthvað af stjarnhárum á röndum og baki en aldrei mikið.

Tungutennur oftast greinilega hærðar. Ytri hlið krónutungna með hárum. Stíll og fræni dökk, oftast svört, stundum þó aðeins litillega lituð eða næstum gul en það er sjaldgæft. Aldin brún.

Vex í skriðum, urðum, klettum, sendnum brekkum, graslendi og kjarri.



36. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium rubrimaculatum*.



37. mynd. Hæring *Hieracium rubrimaculatum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



38. mynd. *Hieracium rubrimaculatum*, útlit.



39. mynd. *Hieracium rubrimaculatum*, útlit.

H.rubrimaculatum er skyldastur *H.kaldalonense* og *H.lygístodon*. Hann er alltaf auðþekktur frá *H.kaldalonense* á blaðlögum og reifalögum. Þar sem blettirnir eru ekki alltaf á blöðum *H.rubrimaculatum* og *H.lygístodon* getur verið með rauðum lit á blöðum getur orðið erfitt í sumum tilvikum að greina milli þessara tegunda. *H.lygístodon* er þó venjulega með annarri blaðlögum og ólíkri tenningu á blöðum en *H.lygístodon* er afar breytileg tegund að mörgu leyti og nákvæm skil milli þessara tegunda getur þurft að athuga betur.

10. *H.lygístodon* Dahlst. - heiðafífill

Stöngull oftast 15-30 sm, getur orðið 45 sm. Mjög smávxnar plöntur með smáum blöðum eru. Þó ekki nema um 10 sm að hæð eða jafnvel lægri. Stöngull oftast grænn en stundum eru rauðfjólubláir flekkir í honum neðan til eða hann er allur rauðfjólublár neðst. Stöngull mikið hærður. Löng, ljós broddhár eru um allan stöngul. Grunnur háranna er dökkur. Stjarnhár eru um allan stöngul og er hann þéttloðinn af stjarnhárum ofan til. Kirtilhár gul og stutt neðan til á stöngli en lengri og dekkri ofan til á stöngli, geta verið alllöng og dökk ofan til.

Stöngulblöð oftast 1-3. Geta verið a.m.k. 6 og fara þá minnkandi upp eftir stöngli. Stöngulblað getur vantað. Neðsta stöngulblað getur verið mjög stórt, jafnstórt eða jafnvel stærra en hvirfingblöðin. Stundum eru tvö neðstu stöngulblöðin stór. Oft eru stöngulblöðin tvö og hið neðra þá oft stórt. Stöngulblöð geta hvort sem er verið heilrend eða verulega tennt.

Hvirfingblöð oftast tungulaga, snubbótt, breiðust um eða fyrir framan miðju og mjökka smám saman niður að stilk. Stundum eru a.m.k. sum blöðin yddari. Eins geta blöð verið breiðust fyrir neðan miðju. Blöð eru tennt neðan til og eru þar oft með krókbognum, hvössum tönnum. Tennur ganga stundum niður eftir stilknum, sem er með breiðum vængræmum og skil milli stिल्s og blöðku því óskýr. Bláðennur eru oft mjög misstórar á sama blaði. Neðri blöðin oft spaðalaga. Blöð geta verið alveg heilrend. Sum blöðin geta verið spaðalaga eða tungulaga og næstum alveg heilrend þótt önnur blöð séu með allhvössum tönnum. Einnig geta öll blöðin verið tungulaga eða spaðalaga og næstum heilrend. Mjög smávxnar plöntur eru oftast með smáum spaðalaga blöðum sem geta verið næstum heilrend en tenning á neðri hluta blaða er þó oftast nokkuð greinileg. Skil milli stिल्s og blöðku eru allgreinileg á spaðalaga blöðum. Einhver rauður eða rauðfjólublár litur er stundum á blöðum, sérstaklega á blaðröndum og blaðendum. Sum blöð geta jafnvel verið öll rauðleit en þau eru aldrei reglulega blettótt. Rauðfjólublár litur er stundum á blaðstilkum.

Blöð eru með broddhárum á blaðrönd, neðra borði og efra borði. Efra borði getur þó verið svo til hárlaust. Broddhárin eru löng og ljós en fyrir kemur að þau eru með áberandi dökkum grunni. Fjöldi stuttra, gulra kirtilhára er á blaðrönd og oftast einnig á neðra borði. Talsverður fjöldi kirtilhára getur verið á efra borði en oft eru þau fá eða jafnvel engin. Oftast eru nokkur stjarnhár á blaðrönd og stundum verulegur fjöldi. Dreifð stjarnhár eru oft á neðra borði og stundum er neðra borðið verulega stjarnhært. Efra borðið er oft án stjarnhára en þó eru alloft stjarnhár á miðstreng og dreifð stjarnhár utan hans um efra borðið og stundum er efra borðið greinilega stjarnhært.

Körfustilkar með þéttum stjarnhárum og löngum broddhárnum með dökkum grunni. Kirtilhár frekar stutt eða alllöng, oftast dökk, stundum svört.

Karfa er oft ein, mjög stór og breið. Tveir stönglar geta komið frá sömu rót með einni körfu hvor. Stundum er aukakarfa á stilk rétt neðan við aðalkörfu, stundum á löngum stilk úr blaðöxl neðar á stöngli. Körfustilkar geta staðið þvert út frá stöngli, einkum ef stilkar eru rétt neðan við aðalkörfu. Körfur eru alloft þrjár og getur þá verið aukakarfa á stuttum stilk rétt neðan við aðalkörfu og karfa á lengri stilk úr blaðöxl neðar á stöngli. Einnig geta verið tvær körfur á stilkum úr blaðöxlum eða þrjár körfur efst á stöngli. Þrjár körfur geta verið úr blaðöxlum og körfur þá fjórar, eins geta verið þrjár útstæðir stilkar skammt neðan við aðalkörfu og eru körfur þá einnig fjórar. Þrjár körfur geta verið efst á stöngli og tvær úr blaðöxlum eða fjórar á stöngli og ein úr blaðöxl og körfur alls fimm. Körfur geta orðið a.m.k. 7 og eru þá flestar á löngum stilkum úr blaðöxlum. Smávaxin eintök geta verið með 2-4 körfum. Körfur eru smærri á smávöxnum eintökum og geta verið frekar mjóar á mjög smávöxnum plöntum. Körfur eru dökkar eða gráleitar eða stundum jafnvel frekar ljósar eftir því hvernig litur er á broddhárnum.


Reifar kafloðnar. Reifablöð löng og mjó. Mjög löng broddhár á reifum, ljós eða gráleit framan til en dökk neðan til. Þau eru þó mismunandi dökk, stundum gráleit fram í odd en í öðrum tilvikum ljósari og stundum verulega dökk. Fjöldi af stuttum, gulum kirtilhárnum á reifum. Sum þeirra eru oft lengri og dekkri, oft gráleit, geta verið alllöng og dökk. Kirtilhár af mismunandi lit og lengd geta verið á sama reifablaði en einnig geta kirtilhárin verið svipuð á öllum reifablöðum plöntunnar. Stjarnhár ekki greinileg á reifum. Körfubotninn er kafloðinn af stjarnhárnum en þessi hár ná yfirleitt ekki upp á reifablöðin. Þó má oft finna eitt og eitt stjarnhár neðst á bakhlíð ystu reifablaða. Stundum eru örfá stjarnhár á jöðrum og þá oft einnig á bakhlíð ystu reifablaða.

Tungutennur oftast áberandi hærðar og ytri hlíð krónutungna oft með áberandi hárnum. Tungutennur eru þó stundum hárlausar. Stíll og fræni dökk, venjulega svört. Stílar og fræni eru þó stundum aðeins lítillaga lituð. Aldin brún.


Vex í grasbrekkum, lyngbrekkum, graslendi, skriðum, urðum, klettaholtum, mólendi, hraunum og í brekkum, lautum, melum og snjóðældum til fjalla.

Þetta er afar breytileg tegund sem rannsaka þarf mun betur. Kanna þarf hvort mögulegt sé að skipta henni með góðu móti. Einnig þarf að kanna tengsl hennar við skyldar tegundir, einkum *H.bipediforme* og *H.semibipes*. Dæmigerð er tegundin auðþekkt frá öllum öðrum tegundum.

Dökkir stílar aðgreina tegundina venjulega nokkuð auðveldlega frá *H.alpinum* og *H.kaldalonense*. Í einstaka tilvikum getur þó þurft að sýna aðgæslu við afmörkun tegundarinnar frá *H.alpinum*. *H.rubrimaculatum* er náskyldur *H.lygistodon* og er ástæða til að athuga betur nákvæm mörk milli þessara tegunda. Oftast er aðgreining þeirra auðveld en svo er ekki alltaf. Finna má stjarnhár á reifum sumra eintaka *H.lygistodon*. Þetta getur valdið erfiðleikum við að greina milli *H.lygistodon* og *H.bipediforme*. Stjarnhárin eru þó aldrei nema örfá og dreifð og eru aldrei áberandi. Á sumum eintökum *H.bipediforme*



40. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium lygistodon*.



41. mynd. Hæring *Hieracium lygistodon*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



42. mynd. *Hieracium lygistodon*, útlit.



43. mynd. *Hieracium lygistodon*, útlit.



44. mynd. *Hieracium lygistodon*, útlit.



45. mynd. *Hieracium lygistodon*, útlit.

eru stjarnhárin lítið áberandi. Gerðir eru því til sem athuga þarf betur úti í náttúrunni með tilliti til marka milli þessara tegunda.

11. *H. semibipes* Dahlst. - greinaffill

Stöngull 20-50 sm, oftast um 30 sm. Stöngull aldrei greinilega litaður. Stöngull oft mjög lítið hærður, jafnvel næstum alveg hárlaus neðan til. Löng, ljós broddhár á stöngli, stundum með dökkum grunni og stundum öll dökk efst á stöngli. Kirtilhár á stöngli stutt og gul neðan til en ofan til lengri og dekkri og efst alllöng og dökk. Stjarnhár um allan stöngul, oftast er stöngull þéttstjarnhærður efst.


Stöngulblað oftast eitt, oft áberandi útstætt, nokkuð stórt og stórtennt og hvasstent. Stundum er stöngulblaðið lítið en getur þó verið hvasstent. Stöngulblöð geta verið fleiri en eitt en hin eru þá mjög smá.

Hvirfingblöð oftast smá, geta verið mjög mismunandi á sömu plöntu. Nær alltaf eru einhver blöð næstum þríhyrnd með hvössum oddi og afar gróftent neðst með hvössum, bognum tönnum og eru neðstu tennur einna stærstar og blaðgrunnur því nokkuð þver. Tennur eru oft mjög misstórar. Önnur blöð eru breiðari og snubbóttari, oddbaugótt, sporbaugótt, eggлага eða öfugeggлага. Þessi blöð eru með sams konar tenningu við grunninn og oddhvössu blöðin. Fyrir koma lensulaga blöð sem einnig eru með stórum, hvössum tönnum. Einstaka sinnum eru blöð næstum tungulaga með sams konar tenningu. Skil milli stilks og blöðku eru oftast greinileg. Blaðkan er oftast ekki nema 3-4 sm löng en getur orðið meira en 10 sm löng.


Broddhár á blaðrönd, neðra borði og efra borði. Stutt, gul kirtilhár á blaðrönd, stundum eitthvað á neðra borði og koma fyrir á efra borði. Stjarnhár oftast á miðstreng á neðra borði, alloft einnig á miðstreng á efra borði. Stundum eru dreifð stjarnhár á neðra borði og efra borði en þá oftast aðeins örfá. Oft er eitthvað af stjarnhárum á blaðrönd.

Körfustilkar þéttlöðnir af stjarnhárum, með broddhárum með dökkum grunni og alllöngum, dökkum kirtilhárum, jafnvel svörtum.

Körfur eru oftast margar. Fyrir kemur að aðeins ein karfa er fullþroskuð. Óþroskaðar körfur eru þá 2-3 neðar á stöngli. Stundum eru tvær nokkurn veginn meðalstórar körfur eða smáar. Óþroskaðar körfur eru þá oftast 1-2 neðar á stöngli. Oftar eru körfur þrjár, ein á stöngulenda og tvær á nokkuð löngum stilkum skammt neðan aðalkörfu. Aðalkarfan er þá stærst en hinar frekar smáar. Enn eru oftast 1-2 óþroskaðar körfur í blaðöxlum. Fjórar körfur eru ekki óalgengar. Þá eru þrjár aukakörfur á alllöngum stilkum frá efri hluta stönguls og eru þær talsvert minni en aðalkarfan. Venjulega er ein aukakarfan nokkru neðar en hinar. Oftast eru körfur enn fleiri. Karfan á stöngulenda er þá oftast heldur stærri en hinar en þó ekki verulega stór. Aðrar körfur eru smáar eða mjög smáar. Greinar koma þá einnig úr blaðöxlum neðan til á stöngli og eru þær greinar oft með tveim körfum hver. Körfuföldi getur farið í a.m.k. 10.



46. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium semibipes*.



47. mynd. Hæring *Hieracium semibipes*, r: á reifum k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



48. mynd. *Hieracium semibipes*, túllit.



49. mynd. *Hieracium semibipes*, útlit.

Reifar dökkar. Reifablöð löng og mjó. Broddhár á reifum ljós með dökkum grunni, stundum dökkleit fram í enda. Fjöldi stuttra, gulra kirtilhára á reifablöðum. Sum þeirra geta verið lengri og dekkri, sum jafnvel alllöng og glær eða gráleit og jafnvel svört neðst á reifum. Oftast eru engin stjarnhár á reifum utan þess að stöku sinnum má finna eitt og eitt stjarnhár allra neðst á ystu reifablöðum. Einstaka planta getur þó verið með stöku stjarnhár víðar, jafnvel á baki innri reifablaða.

Tungutennur oftast áberandi hærðar, stundum þó svo til eða alveg hárlausar. Stíll og fræni greinilega lituð, oftast svört. Aldin brún.

Vex líklega helst í mólendi og kjarri.

H.semibipes er sérkennilegur og er líklega oftast auðþekktur. Blaðlögum er þó undarlega breytileg. Skyldleiki við aðrar tegundir er að sumu leyti óljós. Öruggt er þó að hann er skyldur *H.lygístodon* og *H.bipediforme* en hversu mikið er óljósara. Eins er óvíst hvorri tegundinni hann er skyldari. Blaðlögum greinir hann oftast nokkuð auðveldlega frá *H.lygístodon* og hæring á reifum frá *H.bipediforme*. Blaðlögum er aftur á móti svipuð og á *H.bipediforme* og hæring á reifum svipuð og á *H.lygístodon*.

12. *H.bipediforme* Dahlst. - kvíslfífill


Stöngull oftast 15-30 sm en stórvaxnar plöntur geta verið 45 sm. Stöngull stundum rauðfjólublár neðst. Stöngull með löngum, ljósum broddhárum sem eru dökk neðst. Stjarnhár um allan stöngul en þéttust efst. Kirtilhár stutt og gul neðan til á stöngli, lengri og dekkri efst og eru þar stundum alllöng og svört. Stöngull er oft ekki sérlega mikið hærður.

Stöngulblöð oftast eitt eða tvö. Stundum er ekkert stöngulblað. Stöngulblaðið eða neðra stöngulblaðið er oft nokkuð stórt og stundum mikið tennt.


Hvirfingblöð lensulaga, oddbaugótt, egglega eða tígullaga. Þau neðstu eru stundum tungulaga, sporbaugótt eða kringlótt. Blaðstílkur stundum rauðfjólublár. Blöð oftast græn, geta verið bláleit á neðra borði eða með rauðfjólubláum lit. Blöð með hvössum tönnum, oftast frekar smáum en þær geta jafnvel verið mjög stórar. Tennur eru einkum á neðri hluta blaða.

Blöð með ljósum broddhárum á blaðrönd og neðra borði en misjafnlega mikið á efra borði. Efra borðið er stundum svo til hárlaust en getur einnig verið verulega broddhært. Stutt, gul kirtilhár á blaðrönd og eitthvað á neðra borði en þau vantar oft á efra borð. Stjarnhár oftast á blaðrönd og oftast eitthvað á neðra borði en vantar oft alveg á efra borð. Blaðrönd getur verið talsvert mikið stjarnhærð en fyrir kemur að stjarnhár vantar alveg á blaðröndina. Stjarnhár geta verið dreifð um allt efra borðið.

Körfustílkur með þéttum stjarnhárum, stuttum eða í meðallagi löngum, oft dökkum. Körfustílkur eru einnig með kirtilhárum og broddhárum sem eru með dökkum grunni en ljósari framhluta.



50. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium bipediforme*.




51. mynd. Hæring *Hieracium bipediforme*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



52. mynd. *Hieracium bipediforme*, útlit.



53. mynd. *Hieracium bipediforme*, útlit.



54. mynd. *Hieracium bipediforme*, útlit.

Körfur í meðallagi stórar, oft frekar mjóar en geta verið breiðar. Stundum er ein karfan nokkuð stór en hinar smærri. Stundum er aðeins ein karfa. Oft eru körfur tvær efst á stöngli og greinist stöngull í tvennt með körfu á hvorum hluta og eru körfur þá í nokkurn veginn sömu hæð. Stundum kemur aukakarfa á stilk skammt neðan við aðalkörfu og nær þá aukakarfan venjulega rétt upp fyrir aðalkörfu. Með slíkri skipan geta körfurnar orðið fjórar. Körfustilkar standa stundum þvert út frá stöngli skammt neðan við þá körfu sem kemur í beinu framhaldi af stöngli. Með slíkri körfuskipan eru plöntur oftast með 2-3 körfum. Þær geta þó orðið 6.

Reifablöð löng og mjó, oftast dökk, gráleit ef stjarnhæring er mikil og geta verið heldur ljós ef hæring á reifum er lítil. Reifar eru stundum kafloðnar en oft er hæring mun minni en á skyldum tegundum. Löng eða mjög löng broddhár eru á reifum. Oftast eru þau dökk neðst en ljós eða gráleit framan til. Stundum eru þau öll dökk en þau geta einnig verið áberandi ljós langt niður. Kirtilhár á reifum stutt og gul eða heldur lengri og grá, oft nokkuð mismunandi á sama reifablaði. Þau geta einnig verið alllöng og næstum svört. Stjarnhár oftast greinileg á jöðrum reifablaða, a.m.k. þeirra ytri, og oft eru dreifð stjarnhár á bakhlíð þeirra. Stundum eru reifablaðajáðrar gráir vegna fjölda stjarnhára og fyrir kemur að bakhlíð þeirra er einnig gráleit. Stundum eru stjarnhárin fá og ekki auðfundin.

Tungutennur oftast greinilega hærðar, stundum hárlausar. Stíll og fræni dökk, oftast svört. Fyrir kemur þó að þau séu frekar lítið lituð. Aldin brún.

Vex í lyngbrekkum, finnugsbrekkum, grasbrekkum, graslendi, giljum og skóglendi.


Þessi tegund er oft auðþekkt og auðgreind en svo er ekki alltaf og þarf að athuga hana mun betur. Þegar reifar eru lítið stjarnhærðar getur verið vafamál hvort telja skuli eintök til *H.bipediforme* eða *H.lygístodon*. Blaðlögung þessara tegunda er oftast ólík en það er ekki alltaf auðvelt að nota blaðlögung til að aðgreina þær. Þetta eru skyldar tegundir og huga þarf betur að mörkum milli þeirra. *H.bipediforme* er einnig skyldur *H.semibipes*. Sum eintök *H.bipediforme* á Ströndum geta líkst gerðum af *H.anglicum*. Þessar gerðir þarf að athuga nánar. Einnig þarf að kanna mismunandi gerðir *H.bipediforme*. Verið getur að unnt sé að skipta tegundinni niður í afmarkaða skyldleikahópa.

13. *H.thulense* Dahlst. - skrautfifill


Stöngull mjög hár, oftast 60-100 sm. Stöngull gishærður neðan til af broddhárum. Ofan til er stöngull þétthærðari og er þar einnig með allþéttum stjarnhárum og nokkru af kirtilhárum.

Engin hvirfingblöð. Stöngulblöð 12-30 eða fleiri, þéttstæð, lengri en bilið milli blaðfóta að minnsta kosti langt upp eftir stöngli. Blöð minnka smám saman upp eftir stöngli. Stundum eru neðstu blöðin stilkúð, annars eru öll blöðin stilklaus, greipfætt með breiðum grunni, mjólensulaga-aflöng, stuttydd, lítið tennt.

Blöð með broddhárum og örflítið er af stjarnhárum, einkum á efstu blöðunum.



55. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium thulense*.



56. mynd. Hæring *Hieracium thulense*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



57. mynd. *Hieracium thulense*, útlit.

Körfustilkar verulega stjarnhærðir, með fjölda langra, dökkra kirtilhára og broddhár eru einnig allnokkur.

Körfur margar, oftast 5-25, mjög smáar.

Reifar með kirtilhárum, sem flest eru mjög löng, stjarnhárum og fáeinum broddhárum. Hárahlutfall getur verið nokkuð breytilegt.

Tungutennur yfirleitt lítið eitt hærðar. Stíll og fræni dökk. Aldin gulleit.

Vex í skóglendi.

Auðþekkt tegund sem ekki er náskyld neinni annarri íslenskri tegund. Breytileiki lítil.

14. *H.arrostoccephalum* Omang - ingimarsffill

Stöngull oftast 25-40 sm, smávaxin eintök aðeins um 15 sm, stórvaxin eintök ná 50 sm hæð. Stöngull stundum rauðfjólublár allra neðst. Broddhár og stjarnhár á stöngli. Nokkuð löng kirtilhár oft á efri hluta stönguls.

Hvirfingblöð oftast 2-4, öll stilkúð og fintennt. Oftast eru 1-2 hvirfingblöð kringlótt eða egglega en hin tígullaga. Stundum eru öll hvirfingblöðin tígullaga og tígullensulaga, stundum aflöng-oddbaugótt. Blöð oft nokkuð bláleit á neðra borði en efra borðið grænt. Blöð geta þó verið gulleit. Örsjaldan er rauður litur í blöðunum.

Stöngulblað stundum eitt, stundum þrjú en oftast tvö, tígullaga eða tígullensulaga, fintennt, ydd, a.m.k. eitt þeirra stórt. Neðra stöngulblað nær alltaf stilkáð. Stilkur oft allgreinilega greipfættur. Efra stöngulblað oft stilkáð en stundum stilklaust með breiðum grunni. Örsjaldan eru öll stöngulblöðin stilklaus.


Blöð með broddhárum á neðra borði og blaðrönd. Aðeins strjálíngur af broddhárum á efra borði. Stjarnhár mismikið áberandi á blaðröndum, stundum er lítið af þeim, stundum allmikið. Stjarnhár yfirleitt á neðra borði en mismikið. Stundum eru einnig dreifð stjarnhár á efra borði. Stundum fá, örsmá, gul kirtilhár á blaðröndum.

Körfustilkar nokkuð áberandi stjarnhærðir. Broddhæring mismikil en sjaldan áberandi. Oftast er talsvert af löngum kirtilhárum á körfustilkum.


Körfur smáar, áberandi mjóar, oftast 2-4, geta orðið fleiri en 10.

Reifablöð löng með nokkuð frammjóum oddi, stundum rauðleit í endann. Reifar með nokkru af broddhárum. Stjarnhár einkum á jöðrum reifablaða en oft einnig á bakhlið. Allmikið af löngum kirtilhárum á reifum.

Tungutennur lítillaga hærðar eða hárlausar. Stíll og fræni nokkuð dökk-dökk, örsjaldan aðeins lítillaga lituð. Aldin brún.



58. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium arrostrocephalum*.



59. mynd. Hæring *Hieracium arrostrocephalum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



60. mynd. *Hieracium arrostoccephalum*, útlit.

Vex líklega í graslendi, í brekkum og hvömmum.

H.arrostoccephalum er ekki sérlega breytileg tegund og því er engin ástæða til að kljúfa hana neitt niður. Af íslenskum tegundum er *H.arrostoccephalum* skyldastur *H.elegantiforme*. *H.elegantiforme* getur verið með hvirfingblöðum eins og *H.arrostoccephalum*. Þessar tegundir eru þrátt fyrir það nær alltaf auðþekktar í sundur. *H.arrostoccephalum* getur í útliti minnt á *H.holopleurum*. Körfur *H.arrostoccephalum* eru minni og sérstaklega niðurmjórri. Kirtilhár á reifum eru lengri og meira áberandi. Innri reifablöð eru ekki með áberandi ljósum jaðri og því er dökka rákin ekki eins greinileg og hún er oftast á *H.holopleurum*. Yfirleitt er *H.arrostoccephalum* smávxnari og með minni blöðum en *H.holopleurum*. Oft eru stöngulblöð *H.arrostoccephalum* nokkuð greinilega greipfætt en þetta einkenni er ekki alltaf áberandi.

15. *H.elegantiforme* Dahlst. - glæsifífill

Stöngull oftast 30-70 sm, með broddhárum og einkum ofan til einnig með stjarnhárum og nokkru af kirtilhárum. Stöngull oft rauðfjólublár neðst. Stundum eru einnig flikrur upp eftir stöngli. Algengast er að hvirfingblöð vanti alveg. Alloft eru þó 1-2, sjaldan fleiri, hvirfingblöð. Þau eru venjulega kringluleitari en stöngulblöðin, stundum þó svipuð þeim í útliti.


Stöngulblöð oftast 5-7 en geta orðið allt að 10, hvassydd, með breiðum, greipfættum, oft áberandi eyrðum grunni, stilklaus nema þau neðstu. Fyrir kemur að blöðin eru stilkul langt upp eftir stöngli og er þá stilkurinn með breiðum grunni. Örsjaldan eru öll blöðin stilkul. Blöð á miðjum stöngli nálægt því að vera tígullaga eða tígullensulaga. Blöðin eru oft áberandi þunn og æðaber. Blöð með dreifðum, hvössum en frekar smáum tönnum. Stundum eru þó blöðin gróftenn. Blöðin eru þéttust neðan til og fara minnkandi upp eftir stöngli. Fyrir ofan miðjan stöngul eru blöðin styttri en bilið milli blaðfóta. Blöð venjulega græn beggja megin. Kringlóttir rauðfjólubláir blettir eru þó stundum í blöðum. Sjaldan eru blöð meira eða minna bláleit eða fjólubláleit á neðra borði.

Blöð með broddhárum og eru oft nokkuð áberandi langhærð við grunninn. Oft er einnig smávegis af stjarnhárum, einkum á blaðrönd og neðra borði. Sjaldan eru einnig dreifð stjarnhár á efra borði. Oftast örfá, örsmá kirtilhár á blaðrönd.


Körfustilkar með stjarnhárum, löngum kirtilhárum og broddhárum, nokkuð áberandi hærðir.

Körfur smáar, oftast 3-5, stundum færri, stundum fleiri, jafnvel fleiri en 15.

Reifar með broddhárum, kirtilhárum og stjarnhárum. Stjarnhár oft áberandi á jöðrum reifablaða. Kirtilhárin oft mjög mislöng á sama reifablaði. Einhver eru þó löng eða mjög löng. Hnúður oft gulur. Hlutfall broddhára og kirtilhára mjög misjafnt.



61. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium elegantiforme*.



62. mynd. Hæring *Hieracium elegantiforme*, r: á reifum k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



63. mynd. *Hieracium elegantiforme*, útlit.



64. mynd. *Hieracium elegantiforme*, útlit.

Tungutennur oftast lítilllega hærðar, stundum næstum hárlausar, stundum alláberandi hærðar. Still og fræni gul-dökk. Aldin ljósbrún-dökkbrún.

Vex líklega mest í kjarri og grösugum lautum.

Þetta er afar breytileg en sérstæð og yfirleitt auðþekkt tegund. Smávaxin, þéttblöðótt eintök geta verið nokkuð erfið. Blöðin eru þá smærri og ekki eins þunn og venjulega. Eyrði blaðgrunnurinn er heldur ekki eins greinilegur. Efri blöðin eru oft þríhyrndari og neðri blöðin stilklaus. Breiður blaðgrunnur er þó einkennandi fyrir þessi eintök.

H.elegantiforme er skyldur *H.arrostoccephalum*. Sjaldan eru þó mikil vandkvæði á að greina þessar tegundir í sundur. Vafalítið eru *H.elegantiforme* og *H.macrocomum* skyldar tegundir. Venjulega eru þessar tegundir ólíkar og auðþekktar í sundur. Eintök koma þó fyrir sem afar erfitt getur verið að ákvarða með fullri vissu. Slík eintök eru með mjóum blöðum. Efri blöðin eru oftast greinilega tennt. Blaðgrunnur er ekki sérlega breiður. Lögum blaða á miðjum stöngli er oft notadrjúgt einkenni í slíkum tilvikum.

Tegundinni hefur verið skipt niður í mörg afbrigði. Þetta mætti að sjálfsögðu reyna en ég tel að það verði ekki gert án gagngerðrar endurskoðunar og endurmats á mikilvægi einstakra einkenna. Ég lít því á tegundina sem eina heild og skipti henni ekki niður.

16. *H.macrocomum* Dahlst. - brekkuffill

Stöngull oftast 35–80 sm, oftast rauðfjólublár neðan til. Stundum eru einnig flikrur langt upp eftir stöngli. Liturinn er þó ekki alltaf áberandi á smáum, fingerðum plöntum. Stundum koma sprotar úr neðri blaðoxlum. Stöngull oft hárlaus neðst og virðist ekki mikið hærður, nema kringum blaðfæturna. Stundum eru þó bæði stöngull og blöð langhærð af broddhárum. Yfirleitt er lítið af broddhárum á stöngli en nokkuð mikið af stjarnhárum. Oft eru einnig dreifð kirtilhár efst á stöngli. Hvirfingblöð vantar oftast en stundum eru 1–3 egglega hvirfingblöð.

Stöngulblöð oftast 4–8, geta orðið fleiri en 10. Blöð eru stundum nokkuð jafndreifð upp eftir stöngli en oft eru þau þéttast neðst og geta þjappast áberandi saman á neðsta þriðjungi stönguls. Neðan til eru blöðin mun lengri en bilið milli blaðfóta, fara minnkandi upp eftir stöngli. Blöð á miðjum stöngli lensulaga eða breiðlensulaga, sljóydd, heilrend en oft með smánöbbum. Stundum eru efri blöðin með fáum fjarstæðum, þríhyrnum tönnum sem standa næstum þvert út frá blaðrönd. Stundum eru þó allhvassar tennur, 4–5 hvorum megin, á blöðum, einkum á neðri hluta efstu stöngulblaða. Blöð yfirleitt græn á efra borði en bláleit á neðra borði. Stundum er neðra borðið rauðfjólublátt. Kringlóttir, rauðfjólubláir blettir eru oft á blöðum og eins getur hluti blaða verið rauðfjólublár. Blöð virðast oft allþykk. Smá og fingerð eintök eru oft með þynnri blöðum sem eru græn beggja megin. Efri stöngulblöð stilklaus með breiðum grunni. Efstu blöð egglega-þríhyrnd. Neðstu blöðin yfirleitt stilklaus. Blöð eru nokkuð stór. Stilklaus blöð geta náð yfir 15 sm lengd. Einhver blöð ná 7–10 sm lengd nema um mjög smávaxin eintök sé að ræða.

Blöð eru með strjálum broddhárnum. Stjarnhár eru oft áberandi á blaðröndum. Oftast eru dreifð stjarnhár á neðra borði og jafnvel á efra borði. Efri blöðin stundum með þéttum stjarnhárnum á neðra borði.

Körfustilkar þéttloðnir af stjarnhárnum, oftast með nokkru af alllögum kirtilhárnum og venjulega einnig broddhárnum.

Körfur smáar, oftast 2-5, stundum ein, geta orðið fleiri en 10.


Reifablöð oft fremur stutt, breið og snubbótt, stundum rauðleit í endann. Reifar eru loðnar af stjarnhárnum, einkum á jöðrunum. Kirtilhár eru alltaf á reifum. Flest eru þau löng en oft áberandi mislöng og þá sum stutt og gulleit. Broddhár eru oftast á reifum en fjöldi þeirra er mjög breytilegur og stundum vantar þau alveg.

Tungutennur hárlausar eða litlilega hærðar. Stíll og fræni næstum gul-dökk, oftast greinilega lituð. Aldin ljósbrún-dökkbrún.


Vex í vel grónum hraunum, hraungjám, kjarri og brekkum.

H. macrocomum er líklega eitthvað skyldur *H. elegantiforme* og fyrir koma eintök sem erfitt er að ákvarða með fullri vissu. *H. macrocomum*, í þrengstu merkingu, virðist hafa verið nokkuð óljós tegund í huga undafiflafræðinga. Eins og ég skil *H. macrocomum*, í víðustu merkingu, er þó óhjákvæmilegt að nota þetta nafn þótt það sé fremur óheppilegt af fyrrgreindri ástæðu. Fyrir þá sem eitthvað þekkja til undafifla skal bent á að líta má á tegundina sem samsetta úr *H. phrixoclonum*, *H. floccilepium* og náskyldum gerðum. *H. phrixoclonum* og *H. floccilepium* eru ekkert líkir *H. elegantiforme*. Þau eintök *H. macrocomum* sem geta líkst *H. elegantiforme* eru talin til *H. macrocomum* í þrengstu merkingu. *H. macrocomum* getur einnig líkst *H. pullicalicium* í útliti. Greining er þó yfirleitt auðveld. *H. macrocomum* er m.a. með mun lengri og dekkri kirtilhár á reifum en *H. pullicalicium* og blaðgrunnur er breiðari á efri stöngulblöðum.

Þessa tegund þarf að athuga nánar. Vel getur verið að unnt sé að skipta henni í sjálfstæðar einingar. Athuga þarf hvort tenntu gerðirnar mynda einhverja sérstaka einingu og eins þarf að athuga smávöxnu og fínlegu gerðirnar. Meginhluta tegundarinnar mynda allhávaxnar gerðir sem eru með lituðum, nær heilrendum blöðum. Kanna þarf samband tenntu gerðanna og smávöxnu gerðanna við þessa aðalgerð. Smávöxnu gerðirnar hafa verið taldar til ýmissa tegunda og afbrigða. Innbyrðis tengsl þeirra eru því nokkuð óljós. Tegundin, eins og hún er skilin hér, er afar breytileg en ég tel ekki tímabært að skipta henni niður í afbrigði. Ég tel að það verði ekki gert án frekari athugana.



65. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium macrocomum*.



66. mynd. Hæring *Hieracium macrocomum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



67. mynd. *Hieracium macrocomum*, útlit.



68. mynd. *Hieracium macrocomum*, útlit.



69. mynd. *Hieracium macrocomum*, útlit.

17. *H. demissum* (Stroemf.) Dahlst. - skallaþifill

Stöngull oftast 20-40 sm, rauðfjólublár, að minnsta kosti neðst, með broddhárum og stjarnhárum neðan til, nær eingöngu með stjarnhárum ofan til.

Hvirfingblöð stundum engin en alloft 1-4.

Stöngulblöð oftast 2-4, sjaldan 5-6, örsjaldan fleiri en þá eru þau efstu örsmá. Oft eru um fjögur blöð þétt saman neðst á stöngli en aðeins eitt eða tvö ofar. Blöðin breiðlensulaga eða aflöng, bláleit, rauðleit eða fjólubláleit, að minnsta kosti á neðra borði. Blöð geta þó verið öll dökkgræn. Efri blöðin stilklaus, hin neðri stilkud. Blöð mjökka smám saman niður að stöngli. Blöð með fjarstæðum smánöbbum á hliðunum eða þau eru bugtennt.

Strjálíngur er af broddhárum á neðra borði. Stundum er neðra borðið allþétt-hært af broddhárum. Nær engin broddhár á efra borði. Fyrir kemur þó að blöðin séu þétthærð af broddhárum beggja megin. Stjarnhár eru einkum á blaðröndum og neðra borði, örfá á efra borði, nema þá á efstu blöðunum.

Körfustíkar þéttloðnir af stjarnhárum. Stundum eru örfá broddhár á körfustílkum, stundum mörg. Stundum er eitt og eitt stutt kirtilhár á stilkunum undir körfunum.


Körfur oftast 1-3, geta orðið fleiri en 10, oftast í meðallagi stórar.

Reifablöð áberandi stutt og snubbótt, oft rauðleit í oddinn. Reifar með nokkuð þéttum stjarnhárum allra neðst á körfunni. Nokkur löng broddhár á strjálíngi á reifum. Örfá stutt eða frekar stutt kirtilhár, einkum neðarlega á körfu. Efri og innri hluti reifa er áberandi snöggur og eru þær næstum alveg hárlausar nema rétt neðst. Nokkur frávik geta þó verið og er þá broddhæring reifa talsverð.


Tungutennur hárlausar. Stíll og fráni ljós-dökk. Aldin brún.

Vex líklega mest í hraunum, vallendi og kjarri.

Þetta er oftast auðþekkt tegund. Af íslenskum tegundum virðist hún skyldust *H.tynnotrichum*. Oftast er auðvelt að greina milli þeirra en þó geta komið fyrir gerðir sem ekki eru auðveldar. Reifar á *H.tynnotrichum* eru ekki alltaf áberandi meira hærðar en á *H.demissum*. Stöngulblöð eru fleiri og grunnblaðlögum og tenning er önnur hjá *H.tynnotrichum*. Þessi munur kemur yfirleitt fram þótt um óvanalegar vaxtargerðir sé að ræða. Á stórvöxnum eintökum er t.d. hinn breiði framhluti blaðanna á *H.demissum* öðruvísi en hinn mjói, oddhvassi framhluti á blöðum *H.tynnotrichum*. Hæring á reifum *H.holopleurum* er gerólík hæringu *H.demissum*. *H.macrocomum* er með lengri kirtilhár á reifum og blaðgrunnur er breiðari. Aðrar tegundir líkjast varla *H.demissum*.




70. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium demissum*.




71. mynd. Hæring *Hieracium demissum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



72. mynd. *Hieracium demissum*, útlit.



73. mynd. *Hieracium demissum*, útlit.



74. mynd. *Hieracium demissum*, útlit.

18. *H.tynnotrichum* Dahlst. - tannaffill

Stöngull oftast 25-60 sm, purpurarauður eða rauðfjólublár að neðan. Stöngull oft hærður neðst af broddhárum, hárlítill í miðju en hærður af stjarnhárum efst. Einhver stjarnhár eru oftast um allan stöngul og broddhár er vanalega að finna á stangli upp eftir stöngli.

Hvirfingblöð vantar oftast en stundum eru 1-2, stilkúð, öfugegglaða hvirfingblöð á blómgunartíma.

Stöngulblöð oftast 6-12, geta orðið fleiri, oftast rauðleit og bláleit, einkum á neðra borði, stundum öll rauðleit, stundum öll bláleit, en oft blandast þessir litir saman. Stöngulblöð venjulega stilklaus, lensulaga, aflöng, öfuglensulaga, tígullensulaga eða tígullaga, allbreytileg að lögun, ydd, tennt um miðju blaðsins. Neðstu blöðin eru stundum stilkúð. Fyrir kemur að verulegur hluti blaðanna er stilkáður og eru þau blöð oft nær því langegglaða eða tígullensulaga. Á fingurðum, hávöxnum plöntum með meirihluta blaðanna með stilk, getur stöngulblaðafjöldi farið niður í 5-6. Blöðin eru oft heilrend neðst og fremst. Oft eru 4-5 tennur hvorum megin en fleiri á stærri blöðunum. Tennur eru hvarssar en venjulega smáar, þríhyrndar, stundum bognar. Blöðin eru mun lengri en bilið milli blaðfóta langt upp eftir stöngli. Þau fara minnkandi eftir því sem ofar dregur. Stundum er nokkuð greinileg samþjöppun blaða á neðsta þriðjungi stönguls en oftast eru blöð nokkuð jafndreifð upp eftir stöngli.

Blöð eru lítið hærð en eru með einhverju af stjarnhárum á efra og neðra borði og oftast einnig strjálíngi af broddhárum.

Körfustilkar þéttloðnir af stjarnhárum, oftast með einhverju af broddhárum, stundum nokkuð miklu. Sjaldan er eitt og eitt kirtilhár á stangli undir körfunum, enn sjaldgæfara er að þau séu allnokkur. Smá reifablöð eru oft áberandi niður eftir körfustilkum.


Körfur oftast í meðallagi stórar, oftast 2-6, stundum aðeins ein, geta orðið 10 og jafnvel fleiri.

Reifablöð frekar stutt og snubbótt, stundum rauðleit í oddinn. Reifar í heild lítið hærðar. Reifar eru þó með nokkru af broddhárum og einhverju af stjarnhárum. Allmikið er af stuttum eða frekar stuttum, gulum kirtilhárum á reifum.


Stíll og fræni ljós-dökk, oftast frekar ljós. Tungutennur hárlausar. Aldin brún.

Vex í hraunum, brekkum og vallendi.

Langþekktasta og algengasta gerð þessarar tegundar hefur verið nefnd *H.acidophorum*. Því miður er ekki unnt að halda því nafni hér vegna þess að ég tel að *H.tynnotrichum* tilheyrir sömu tegund og það nafn er rétt hærra en *H.acidophorum*. Þetta er talsvert breytileg en oftast auðþekkt tegund. Af íslenskum tegundum er hún skyldust *H.faeroense*, *H.pullicalicium* og *H.demissum*. Litur, blaðlögun, tenning og vaxtargerð *H.pullicalicium* er



75. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium tynnotrichum*.



76. mynd. Hæring *Hieracium tynnotrichum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



77. mynd. *Hieracium tynnotrichum*, útlit.



78. mynd. *Hieracium tynnotrichum*, útlit.



79. mynd. *Hieracium tynnotrichum*, útlit.

yfirleitt svo ólík því sem er hjá *H.tynnotrichum* að ólíklegt er að þeim sé ruglað saman. Aðeins smávaxnar plöntur geta orðið líkar *H.faeroense*. Mjó blettalaus blöð með samsíða blaðröndum um blaðmiðju eru þó einkennandi fyrir smávaxin eintök af *H.tynnotrichum*. Blöð á smávöxnum *H.faeroense* eru yfirleitt ekki samsíða um blaðmiðju. *H.demissum* er oft með mjög líkum lit og *H.tynnotrichum* en *H.demissum* er með mun færri stöngulblöðum, sem eru öðruvísi löguð og með aðra tenningu. Varasamastar eru ef til vill fingurðar plöntur með stilkudum blöðum upp eftir stöngli. Þær plöntur líkjast þó ekki öðrum tegundum og litur og áferð blaða og tennung þeirra er eins og á nokkuð dæmigerðum *H.tynnotrichum*.

Vert væri að kanna frekar samband mismunandi gerða þessarar tegundar. Sérstaklega væri fróðlegt að athuga samband mjóblaðagerðanna og breiðblaðagerðanna. Milli þeirra er væntanlega erfðamunur. Ég sé þó ekki hvernig skipta ætti tegundinni niður og held henni því hér sem einni heild.

19. *H.pullicalicium* Omang - skeggfifill

Stöngull oftast 30-60 sm, stundum rauðfjólublár allra neðst en oftast algrænn. Stöngull með löngum broddhárnum neðst, sem mynda á neðsta hluta stönguls og þó einkum í kringum neðstu blaðstilkana áberandi, oftast heiðgula, hárbúska. Broddhár eru vanalega upp allan stöngul en stundum vantar þau alveg á efri hluta stönguls. Stjarnhár oftast því fleiri sem ofar dregur á stöngulinn.


Hvirfingblöð vantar oftast en eru stundum 1-2, öfugeggla. Rauður eða rauðblár litur er stundum á hvirfingblöðum.

Stöngulblöð oftast 7-12, fagurgræn. Á mjög hávöxnum plöntum með jafndreifðum blöðum geta neðri blöðin orðið gulleit. Smávegis rauður eða blár litur getur verið á neðra borði neðstu stöngulblaða. Neðstu blöðin stilkud, hin efri stilklaus. Stöngulblöðin eggulensulaga, lensulaga eða öfuglensulaga, hin efri oft tígullensulaga eða oddbaugótt. Blöðin oftast langþéttust neðst. Oft er megnið af blöðunum á neðsta þriðjungi stönguls. Þar fyrir ofan eru blöðin styttri en bilið milli blaðfóta. Slíkar plöntur verða oft píramíðalagaðar. Stundum eru blöðin jafndreifðari á stönglinum. Einkum á það við um stórvaxnar plöntur. Blöð heilrend eða smátennt um mitt blað, einkum miðblöðin. Tennur smáar, oftast 3-4 hvorum megin. Yfirleitt eru þetta aðeins útstæðir nabbar, stundum þó greinilegar, smáar en hvassar tennur.


Blöðin eru með löngum, gulum broddhárnum við grunninn. Dreifð broddhár og stjarnhár eru á blaðrönd og neðra borði. Efra borð hárlaust að mestu. Oftast eru þar þó dreifð broddhár og stjarnhár. Misjafnt er hvor gerðin er meira áberandi.

Körfustilkur með mjög löngum, gulum broddhárnum og oftast nokkuð þéttloðnir af stjarnhárnum. Stundum eru stutt kirtilhár á körfustilkum.

Körfur oftast í meðallagi stórar, oftast 3-5, geta orðið 10, stundum aðeins ein.



80. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium pullicalicitum*.



81. mynd. Hæring *Hieracium pullicalicitum*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



82. mynd. *Hieracium pullicalicum*, útlit.



83. mynd. *Hieracium pullicalicitum*, útlit.



84. mynd. *Hieracium pullicalicitum*, útlit.

Reifablöð með nokkuð breiðum, snubbóttum enda. Reifar með löngum, gulum broddhárum, stuttum kirtilhárum og örliðu af stjarnhárum.

Tungutennur hárlausar. Stíll og fræni gul - nokkuð lituð, stundum jafnvel dökk. Aldin ljósbrún-dökkbrún.

Vex líklega mest í graslendi og brekkum.

Þetta er yfirleitt auðþekkt tegund. Þessi tegund er þekktust hér sem *H. agastophyes*. Elsta nafnið á íslenskum eintökum er þó *H. pullicalicitum* og er það því notað hér. Af íslenskum tegundum er hún skyldust *H. faeroense* og *H. tynnotrichum* en það á ekki að vera mikil hætta á að henni sé ruglað saman við þær tegundir. Hávaxin eintök með nokkuð jafndreifðum blöðum upp eftir stöngli geta líkst sumum eintökum *H. macrocomum* í útliti. Blaðgrunnur er þó öðru vísi og hæring er önnur. Blaðgrunnur á efri stöngulblöðum er mjórri á *H. pullicalicitum* og kirtilhár á reifum eru styttri. Kirtilhár á reifum *H. macrocomum* sjást oftast vel með stækkunargleri en á *H. pullicalicitum* sjást þau sjaldnast nema meiri stækkun sé notuð.


Tegund þessi virðist ekki það breytileg að ástæða sé til að skipta henni niður í afbrigði.

20. *H. faeroense* Dahlst. - blettafífill


Stöngull oftast 30-60 sm, oftast rauðfjólublár neðst. Liturinn nær stundum langt upp eftir stöngli. Stöngull næstum hárlaus. Strjálíngur er þó af broddhárum, einkum neðan til, og af stjarnhárum, einkum ofan til.

Hvirfingblöð vantar oftast en stundum eru 1-2 öfugeggлага hvirfingblöð um blómgun.

Stöngulblöð oftast 6-9, yfirleitt að mestu samþjöppuð á neðri helmingi stönguls. Stundum er um helmingur blaðanna í hnappi neðst á stöngli en mynda þó ekki greinilega hvirfingu. Dreifð stöngulblöð verða þá ekki nema 4-5. Fyrir kemur að blöðin eru jafnvel ekki nema 4-5 og öll nema eitt neðst á stöngli og mynda nokkuð greinilega hvirfingu. Blöð eru oftast lengri en bilið milli blaðfóta upp að miðjum stöngli, en þetta er nokkuð misjafnt eftir því hvernig blöðin raðast á stöngulinn. Neðstu stöngulblöð eru oftast stilkúð, hin efri stilklaus. Stöngulblöð lensulaga, striklensulaga, öfuglensulaga, oft nokkuð breið að framan en með langan, mjóan grunn. Blöð ekki hvassydd en með smátotu í endann, mjög lítið tennt en yfirleitt örðótt á hliðunum. Standa þessar örður þvert út frá blaðrönd. Einstaka plöntur eru með tenntari og yddari blöð. Blöð eru oftast áberandi bláleit á neðra borði. Blöð eru meira eða minna lituð af rauðfjólubláum flekkjum, en eru græn milli flekkjana. Oft er meiri hluti hvers blaðs litaður. Þetta er þó misjafnt. Stundum eru flekkirnir aðeins örfáir og fyrir koma plöntur með flekkjalausum blöðum. Oft er neðra borðið flekkjalaust en getur þó einnig verið með flekkjum.



85. mynd. Þekkt útbreiðsla *Hieracium faeroense*.



86. mynd. Hæring *Hieracium faeroense*, r: á reifum, k: á körfustilkum, b: á blaðröndum.



87. mynd. *Hieracium faeroense*, útlit.



88. mynd. *Hieracium faeroense*, útlit.

Blöð eru með stjarnhárnum á neðra borði, stundum einnig smávegis á efra borði. Broddhár eru á blaðröndum og oft einnig nokkuð á neðra borði, sjaldan örfá á efra borði. Efra borðið er svo til hárlaust og neðra borðið hárlítið.

Körfustilkar eru með talsverðu af stjarnhárnum, stöku broddhári og örsjaldan er eitt og eitt kirtilhár upp við körfurnar.

Körfur oftast 2-5, stundum aðeins ein, geta orðið 10, smáar.

Reifar eru með allnokkru af kirtilhárnum, stuttum eða frekar stuttum. Einnig er nokkuð af broddhárnum og eitthvað af stjarnhárnum. Reifar eru heldur lítið hærðar. Reifablöð stundum rauðleit í oddinn.

Stíll og fræni gul eða lítilega lituð, sjaldan dökkleit. Tungutennur hárlausar.

Vex í hraunum, lyngbrekkum, graslendi og kjarri.

Þetta er oftast auðþekkt tegund. Tegundin er þekktust hérlendis undir nafninu *H.stictophyllum*. Örsjaldan eru flest blöðin hálfhvirvingstæð niður við stöngulfót og eru stöngulblöðin þá færri en venjulega. Þessi eintök eru þó auðþekkt á blettunum. Af íslenskum tegundum er *H.faeroense* skyldastur *H.tynnotrichum* og *H.pullicalicitum*. Eintök með lítið blettóttum eða bletta-lausum blöðum eru oftast nokkuð auðgreind frá þessum tegundum á blaðlögum, blaðtenningu og hæringu.

Breytileiki tegundarinnar á Austurlandi er mikill og þyrfti að kanna hann nánar. Að sinni sé ég ekki ástæðu til að skipta tegundinni niður í afbrigði.

SLÆÐINGAR

Slæðingunum ætla ég ekki að lýsa hér. Þetta eru ýmist alþekktar garðplöntur eða ólíklegt að tegundirnar vaxi hér enn nema í ræktun. Lýsingu á garðtegundunum ætti að vera auðvelt að nálgast í einhverri garðplöntubók.

H.aurantiacum líkist *H.islandicum* en er með rauðum blómum. Alþekkt garðplanta.

H.lactucella líkist einnig *H.islandicum* en er minni, með færri körfum og næstum hárlaus. Hefur líklega slæðst hingað með grasfræi. Er til í ræktun en virðist annars ekki vaxa hér lengur.

H.laevigatum líkist mest *H.tynnotrichum* í útliti. Blöðin eru þó mjórri og minna tennt og þegar þau eru tennt líkjast tennurnar oft frekar sepum en tönnum. Kirtilhár á reifum eru löng en þau eru stutt á *H.tynnotrichum*. Þessa tegund hef ég séð í kringum lóð í Reykjavík. Honum virtist hafa verið sáð þar ásamt ýmsum öðrum erlendum plöntum. Tegundin er nú með öllu horfin aftur af þessum stað. Eintök voru tekin til ræktunar en þau lifðu ekki. Nafngreining þessarar tegundar er gerð eftir erlendum eintökum.

Auk þessara tegunda er *H. villosum* ræktaður hér í gördum. Hann er ekki náskyldur neinni íslenskri tegund og er auðþekktur frá þeim öllum á mikilli hæringu. Verið getur að einhverjar fleiri tegundir séu ræktaðar hér í gördum þótt ég hafi ekki séð þær.

SUMMARY

The genus *Hieracium* L. in Iceland

by Bergthór Jóhannsson

The aim of this investigation is to try to create a practical taxonomic system for Icelandic Hieracia.

All specimens of *Hieracium* in Icelandic herbaria have been investigated.

The conclusion is that the Icelandic Hieracia should provisionally be grouped in 20 entities, here termed as species. These species, along with three introduced species, are listed on p. 11. *H. aurantiacum* is probably about to be naturalized but the other two are considered to have disappeared.

The system of Ingimar Óskarsson (1966) is used as a basis for the discussion. A comparison of Óskarsson's system and the system proposed by the author is presented on pp. 15-19, where Óskarsson's species are listed in the left column and the retained species in the right column.

The 177 species and 59 varieties accepted by Óskarsson (1966) are discussed in alphabetic order on pp. 20-145. Included in the discussion are three species added later by Óskarsson (1973, 1976 and 1979) as well as three additional taxa listed on p. 20.

Synonyms are listed in the chapter discussing the system of Óskarsson under the names of species accepted by the present author. Thus the synonyms of *H. aquiliforme* (Dahlst.) Dahlst. are listed on pp. 29-30 and those of *H. senex* (Dahlst.) Dahlst. on pp. 121-122.

Classification of Icelandic species in Flora Europaea (Sell & West 1976) is discussed on pp. 145-161. In some cases the author agrees with the authors of Flora Europaea, in other cases the author is of the opinion that the classification of Icelandic species is doubtful and in some obviously wrong.

The system used by Áskell Löve (1970) is discussed on pp. 161-162.

A key to the 20 Icelandic species retained by the author is presented on pp. 163-167, followed by descriptions of species, distribution maps, and drawings of habitus and indumentum of involucre (r), peduncles (k) and leaves (b) on pp. 168-261.

Reference list is presented on pp. 12-14.

FJÖLRIT NÁTTÚRUFRÆDISTOFNUNAR

1. Bergþór Jóhannsson 1985. Tillögur um nöfn á íslenskar mosaattkvíslir. 35 bls.
2. Jóhann G. Guðnason 1985. Dagbók um Heklugosið 1947-1948. 31 bls.
3. Oddur Erlendsson 1986. Dagskrá um Heklugosið 1845-6 og afleiðingar þess. 49 bls.
4. Haukur Jóhannesson 1987. Heimildir um Grímsvatnagosin 1902-1910. 40 bls.
5. Erling Ólafsson 1988. Könnun á smádýrum í Hvannalindum, Fagradal og Grágæsadal. 86 bls.
6. Ævar Petersen 1988. Leiðbeiningar við fuglamerkingar. 16 bls.
7. Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson 1988. Aldur Illahrauns við Svartsengi. 11 bls.
8. Sigmundur Einarsson og Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Arnarseturshrauns á Reykjaneskaga. 15 bls.
9. Haukur Jóhannesson 1989. Aldur Hallmundarhrauns í Borgarfirði. 12 bls.
10. Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar (I-III). 262 bls.